



PERSÓNU  
VERND



Ársskýrsla 2023





## Ársskýrsla Persónuverndar 2023



# Efnisyfirlit

Formáli forstjóra	6
Hlutverk Persónuverndar	9
Fjárreiður	10
Skipulag Persónuverndar	11
Stjórnir Persónuverndar	14
Persónuvernd í tölum	16
Árið í hnotskurn	18
Úttektasvið	20
Úrlausnir í frumkvæðismálum	22
Úrlausnir í kvörtunarmálum	27
Álit, umsagnir, erindi og fleira	41
Netumferðarskólinn	44
Erlent samstarf	46



## Formáli forstjóra

Á árinu 2023 voru fimm ár liðin frá því að tímamótabreytingar voru gerðar á persónuverndarlögum. Upplifun starfsmanna Persónuverndar er að þekking á þessum málaflokki hérlandis hafi aukist umtalsvert. Fólk gerir sér í auknum mæli grein fyrir nauðsyn þess að stjórnvöld, fyrirtæki og aðrir sem nota og vinna með persónuupplýsingar geri það af ábyrgð og í samræmi við lög. Kjarni málsins er sá að eftir því sem upplýsingar, sem hægt er að greina niður á einstaklinga, eru viðkvæmari, þeim mun varlegar þarf að fara með þær.

### En um hvað snýst þetta í raun?

Heilbrigðisupplýsingar falla í flokk viðkvæmra persónuupplýsinga og einnig upplýsingar um trúarskoðanir og kynhegðun, svo dæmi séu tekin. Það eru sterk rök fyrir því að auka aðgengi almennings að læknum og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum með alls kyns möguleikum sem tæknin býður upp á. Hins vegar þarf að passa að fara ekki af stað með stafrænar lausnir í þessu umhverfi fyrr en fyrir liggur að tæknin uppfylli kröfur persónuverndarlaga. Hér eru það sérstaklega reglur um svokallaða innbyggða og sjálfgefna persónuvernd sem þarf að huga að. Það felur í sér að þegar tæknilausnir eru hannaðar

þurfa þær að virka þannig að rétt sé farið með upplýsingarnar sem eru vistaðar í þeim, til dæmis þannig að þeim sé ekki deilt með öðrum án heimildar. Þú vilt að læknirinn hlusti einn á samtalið en ekki að það sé opin rás sem allir geta hlustað á.

Þá var Grindr-niðurstaða norsku persónuverndarstofnunarinnar um árið upplýsandi. Notendur Grindr nýta forritið til að tengjast öðrum notendum í LGBTQ+-samfélaginu og margir þeirra kjósa að birta ekki fullt nafn sitt. Engu að síður var persónuupplýsingum þeirra, til dæmis upplýsingum um staðsetningu, aldur, kyn, IP-tölu og fleira, ásamt upplýsingum um að þeir notuðu umrætt forrit, deilt með hundruðum óviðkomandi aðila í markaðssetningartilgangi. Þetta var gert án heimildar og án þess að notendurnir vissu af því eða hefðu eitthvað um það að segja.

Í persónuverndarumhverfinu liggur fyrir að það þarf að fara varlega með upplýsingar um börn og það er ekki í boði að nota forrit í skólastofum sem eru þannig gerð að sveitarfélögin missa stjórnina yfir þeim upplýsingum um nemendurna sem eru vistaðar í þeim. Ljóst er því að skoða þarf hvert og eitt forrit vel út frá persónuverndarsjónarmiðum áður en það

er tekið í notkun. Í þessu sambandi var sláandi að komast að því nýlega að héraendis eru dæmi um að sveitarfélög hafi ekki fylgst nægilega vel með notkun tæknilausna í grunnskólastarfi, sem leiddi til að mynda til þess að rúmlega 800 smáforrit voru í notkun fyrir grunnskólabörn í einu tilteknu sveitarfélagi. Óþarft er að taka fram að yfirsýn vantaði þar um virkni forritanna.

Fjárhagsupplýsingar eru ekki flokkaðar sem viðkvæmar upplýsingar en samt sem áður þarf að fara með þær af varúð. Þeim tengd er starfsemi fjárhagsupplýsingastofa en slík mál hafa ítrekað komið á borð Persónuverndar. Miklu skiptir að réttarumhverfið þar sé skýrt og bundnar eru vonir við að nýleg reglugerð dómsmálaráðherra um vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust komi hér að góðum notum. Persónuvernd hefur jafnframt hvatt til þess að gerð verði óháð úttekt á því hvernig gerð skýrslna um lánshæfismat getur verið sem áreiðanlegust, samhliða því að réttindi einstaklinga séu virt. Það getur enda haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir einstaklinga að lánshæfi þeirra sé metið á rangan hátt.

### **Persónuverndarlög oft misskilin**

Á hverju ári fá starfsmenn Persónuverndar margvíslegar ábendingar um að vegna persónuverndarlaga sé hitt og þetta bannað. Eitt best þekkt dæmið var að ekki mætti lengur merkja snaga í leikskólum með nafni barna. Það má. Annað dæmi var að í ferð eldri borgara var ekki talið heimilt að biðja þátttakendur um að bera merkispjöld með nafni hvers og eins. Það má. Nýlega óskaði einstaklingur eftir smursögu bíls vegna endursölu. Starfsmaðurinn taldi það ekki mega. Það má – enda eðlilegt að nýr eigandi bíls hafi aðgang að slíkum upplýsingum.

### **En af hverju allar þessar reglur og hvers vegna allt þetta umstang?**

Réttarsviðið persónuverndarréttur byggir á stjórnarskrárákvæði um friðhelgi einkalífs. Umhverfið hefur því frá upphafi verið skilgreint sem réttindi einstaklinga. Tækniframfarir undanfarinna ára eru nú á góðri leið með að gjörbreyta þessu umhverfi. Það er miklu meira en réttindi einstaklinga sem hér er undir. Gögnin, flest persónugreinanleg, eru orðin að oliunni sem knýr samfélagið áfram. Voldugustu fyrirtæki heims eru með veltu sem er langt umfram verga landsframleiðslu stöndugra landa og þessi fyrirtæki eru öll að meðhöndla gögn og persónugreinanlegar upplýsingar. Þessar upplýsingar er hægt að nota gegn okkur – þ.e. með neikvæðum hætti. Óheimil notkun persónuupplýsinga okkar gæti til dæmis orðið til þess að við fengjum ekki lán, fengjum ekki vinnu og ekki tryggingar, svo dæmi séu tekin. Viljum við þetta? Flestir vilja þetta ekki. Og þetta eiga

persónuverndarlögin að koma í veg fyrir. Þess vegna eru flest ríki í Evrópu að sammælast um að styrkja sínar persónuverndarstofnanir. Þess vegna eru sömu ríki að gera sér grein fyrir að samkeppnishæfni markaða er að veði ef ekki er passað upp á að fyrirtækin og aðrir fari að gildandi regluverki. Að sama skapi ættu allir að vera meðvitaðir um að það að skipta við fyrirtæki á EES-svæðinu á að vera gæðastimpill á þessu sviði, til hagsbóta fyrir okkur, því við erum svo lánsöm að búa í heimshluta þar sem ekki er í boði að selja heilsufarssögu og upplýsingar um áfengisnotkun til hæstbjóðenda. Og allar hinar upplýsingarnar líka.

Við þessar aðstæður hefur notkun gervigreindar tekið risastökk, þannig að ekki sér fyrir endann á því. Ljóst er að reynt verður að nýta hana í flestum ef ekki öllum geirum samfélagsins, vonandi alltaf til hagsbóta fyrir okkur öll. En jafnframt er ljóst að gervigreindinni fylgja ný og flókin álitæfni á sviði persónuverndar. Sú vinnsla persónuupplýsinga sem fylgir gervigreindinni er jafnframt á öðrum og stærri skala en áður hefur þekkt. Persónuvernd, eins og systurstofnanir hennar í Evrópu og víðar, býr sig nú undir að takast á við þær áskoranir sem fylgja gervigreindinni þegar kemur að því að vernda réttindi einstaklinga – okkar allra.

### **Viðbrögð Persónuverndar**

Hjá Persónuvernd er áfram reynt að forgangsraða málum með réttum hætti og vinna eins skilvirkt og mögulega er unnt á hverjum tíma með öll þau verkefni sem koma inn á okkar borð. Það er alveg ljóst að margt hefur áunnist á þeirri vegferð, bæði hvað starfsemi stofnunarinnar varðar, sem og hjá fyrirtækjum, stjórnvöldum og öðrum, þar sem ýmislegt hefur verið fært til betri vegar. Að sama skapi þarf miklu meira ef duga skal og það gengur ekki að enn sé verið að fást við landlægan misskilning á grundvallarreglum á þessu sviði. Starfsmenn Persónuverndar geta ekki hlaupið hraðar og vegna krafna um niðurskurð var það döpur staðreynd að loka þurfti starfsstöð Persónuverndar á Húsavík. Þegar til kom reyndist ekki vera stuðningur fyrir því að fjármagna starfsemina þar áfram þótt framtakið hefði hlotið lof og reynst vel. Að sama skapi þá eru það forréttindi að fá að vinna að öryggi og vernd persónuupplýsinga á þeim ótrúlega skapandi tímum sem við nú lifum. Það er með þeim hug sem samhentir og öflugir starfsmenn Persónuverndar ganga til vinnu á degi hverjum!



Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar







# Hlutverk Persónuverndar

## Meginhlutverk og verkefni Persónuverndar

Persónuvernd er sjálfstæð stofnun með sérstaka stjórn og verður ákvörðunum hennar samkvæmt lögum nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, ekki skotið til annarra stjórnvalda.

Markmið persónuverndarlaga er að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Þá er þeim jafnframt ætlað að tryggja öryggi, áreiðanleika og gæði slíkra upplýsinga og frjálst flæði þeirra á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.



Persónuvernd eru jafnframt falin verkefni og vísað til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga í á annað hundrað lagabálkum og stjórnvaldsreglum, sem fjölga jafnt og þétt.

Gildi Persónuverndar eru þekking, trúverðugleiki og fagmennska. Allt innra og ytra starf stofnunarinnar einkennist af þessum gildum og er unnið af samheldnum og traustum mannauði.

# Fjárreiður Persónuverndar

Fjárveitingar til Persónuverndar námu á fjárlögum 2023 samtals 385,4 milljónum króna, tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára nam 3 milljónum og ýmsar tekjur voru 3,6 milljónir. Til ráðstöfunar á árinu voru því samtals 392 milljónir en gjöld stofnunarinnar námu alls 370 milljónum.

Rekstrarafkoma ársins var jákvæð um 22 milljónir króna. Um áramótin 2023-2024 voru 22 á launaskrá hjá Persónuvernd og ársverkin 17,8. Skýrsla þessi, sem birt er samkvæmt 16. tölul. 4. mgr. 39. gr. laga nr. 90/2018 og 71. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, er tuttugasta og þriðja ársskýrsla Persónuverndar.



# Skipulag Persónuverndar á árinu 2023

## SKRIFSTOFA

### Forstjóri

Helga Þórisdóttir, lögfræðingur

### Sviðsstjórar

Helga Sigríður Þórhallsdóttir, sviðsstjóri eftirlits.

Valborg Steingrimsdóttir, sviðsstjóri öryggis og úttekta.

Bjarni Freyr Rúnarsson, starfandi sviðsstjóri frá og með september 2022 til og með apríl 2023.

Vigdís Eva Líndal, sviðsstjóri erlends samstarfs og fræðslu.

Steinunn Birna Magnúsdóttir, starfandi sviðsstjóri frá 1. janúar - 31. október 2023.

Þórður Sveinsson, yfirlögfræðingur.

### Starfsmenn

17, 8 stöðugildi: forstjóri, sviðsstjórar, verkefnastjórar, lögfræðingar, sérfræðingar í skjalavörslu, upplýsingaöryggi og rekstrarhagfræði.

## STJÓRN

### Aðalmenn

Ólafur Garðarsson, hæstaréttarlögmaður, stjórnarformaður

Árnína Steinunn Kristjánsdóttir, lögfræðingur, varaformaður

Björn Geirsson, forstöðumaður

Vilhelmína Haraldsdóttir, læknir

Þorvarður Kári Ólafsson, fagstjóri

### Varamenn

Kristín Edwald, hæstaréttarlögmaður. Skipuð án tilnefningar frá 10. júní 2020 til og með 9. júní 2025.

Sindri M. Stephensen, dósent. Skipaður án tilnefningar frá 10. júní 2020 til og með 9. júní 2025.

Lára Herborg Ólafsdóttir, lögmaður. Skipuð samkvæmt tilnefningu háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra frá 20. desember 2023 til og með 19. desember 2028.

Sveinn Magnússon, læknir. Skipaður samkvæmt tilnefningu heilbrigðisráðherra frá 10. júní 2020 til og með 9. júní 2025.

Jónas Sturla Sverrisson, öryggisstjóri. Skipaður samkvæmt tilnefningu Skýrslutæknifélags Íslands frá 10. júní 2020 til og með 9. júní 2025.

## PERSÓNUVERND

Rauðarárstígur 10, 105 Reykjavík


Sími 5109600

[www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is)

[postur@personuvernd.is](mailto:postur@personuvernd.is)

## Skipurit Persónuverndar


Skipurit Persónuverndar og innra skipulag tekur mið af þeim lögum og reglum sem stofnuninni eru falin framkvæmd og eftirlit með. Skrifstofu Persónuverndar er skipt í þrjú megin svið, auk kjarnastarfsemi, þ.e. öryggi og úttektir, eftirlit og erlent samstarf og fræðsla. Kjarnastarfsemi lýtur að starfi forstjóra, rekstri stofnunarinnar og skjalavörslu. Þá starfar yfirlögfræðingur Persónuverndar þvert á megin svið hennar eftir þörfum.



## Málefna svið Persónuverndar

Helstu málaflokkar sem falla undir eftirlit Persónuverndar hafa verið settir fram með flæðiriti um málefna svið stofnunarinnar með hliðsjón af því að öll vinnsla persónuupplýsinga, hjá fyrirtækjum, opinberum aðilum, sveitarfélögum og öðrum, fellur undir eftirlit stofnunarinnar.

Á málefna sviðinu eru helstu flokkar rafænt eftirlit og vöktun, tækni og nýsköpun, samfélagsmiðlar og markaðssetning, rannsóknir og leyfi, heilbrigðismál, börn og viðkvæmir hópar, fjármál, réttindi einstaklinga, vottanir og háttæknireglur, reglusetning og lagaumhverfi, netöryggi og löggæsla.





# Stjórnir Persónuverndar frá 2000–2023

## Hlutverk stjórnar Persónuverndar

Hlutverk stjórnar er að móta áherslur í starfi í samráði við forstjóra Persónuverndar og fylgjast með starfsemi og rekstri stofnunarinnar. Stjórn tekur meiri háttar efnislegar eða stefnumótandi ákvarðanir í málum sem stofnunin hefur til meðferðar. Þá tekur stjórn ákvarðanir í málum þar sem ábyrgðar- eða vinnsluaðila er veitt áminning en einnig um álagningu dag- eða stjórnvaldssekta. Auk framangreinds tekur stjórn ákvarðanir varðandi umsagnir um lagafrumvörp og drög að reglum þegar um er að ræða veigamikil álitæfni um vinnslu persónuupplýsinga sem og setningu reglna á grundvelli laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og breytingar á þeim.

Ráðherra sem fer með málefni persónuverndar skipar fimm menn í stjórn Persónuverndar og jafnmarga til vara til fimm ára í senn. Formann og varaformann stjórnarinnar skipar ráðherra án tilnefningar og skulu þeir vera lögfræðingar og fullnægja hæfisskilyrðum héraðsdómara. Ráðherra sem fer með málefni netöryggis og fjarskipta tilnefnir einn stjórnarmann og ráðherra sem fer með málefni heilbrigðisþjónustu tilnefnir einn stjórnarmann. Þá tilnefnir Skýrslutæknifélag Íslands einn stjórnarmann og skal hann vera sérfróður á sviði tölvu- og tæknimála. Fyrir stjórnina starfar ritari sem valinn er að tillögu forstjóra úr hópi starfslíðs Persónuverndar.

### Stjórn Persónuverndar 2000–2004

#### Aðalmenn

Páll Hreinsson formaður  
Valtýr Sigurðsson varaformaður  
Anna Soffía Hauksdóttir (til 2002)  
Guðbjörg Sigurðardóttir (til 2002)  
Haraldur Briem  
Dagný Halldórsdóttir (frá 2002)  
Óskar B. Hauksson (frá 2002)

#### Varamenn

Dagný Halldórsdóttir (til 2002)  
Erla S. Árnadóttir  
Gunnar Thoroddsen (til 2003)  
Óskar B. Hauksson (til 2002)  
Vilhelmína Haraldsdóttir  
Eggert Ólafsson (frá 2002)  
Laufey Ása Bjarnadóttir (frá 2003)

### Stjórn Persónuverndar 2004–2008

#### Aðalmenn

Páll Hreinsson formaður  
Valur Árnason varaformaður (til 2007)  
Haraldur Briem  
Ólafur Garðarsson  
Svana Helen Björnsdóttir  
Aðalsteinn E. Jónasson (frá 2007)

#### Varamenn

Arnaldur Axfjörð  
Ástríður Grímsdóttir  
Kristín Edwald  
Tryggvi Viggósson  
Vilhelmína Haraldsdóttir

### Stjórn Persónuverndar 2008–2012

#### Aðalmenn

Páll Hreinsson formaður (til 2011)  
Björg Thorarensen formaður (frá 2011)  
Aðalsteinn E. Jónasson varaformaður  
Haraldur Briem  
Ólafur Garðarsson  
Magnús Hafliðason

#### Varamenn

Ástríður Grímsdóttir  
Kristín Edwald  
Sigrún Gunnarsdóttir  
Tryggvi Viggósson  
Vilhelmína Haraldsdóttir

### Stjórn Persónuverndar 2012–2016

#### Aðalmenn

Björg Thorarensen formaður  
Aðalsteinn E. Jónasson varaformaður  
Haraldur Briem  
Ólafur Garðarsson  
Sigrún Gunnarsdóttir

#### Varamenn

Ástríður Grímsdóttir  
Kristín Edwald  
Tryggvi Viggósson  
Þorvarður Kári Ólafsson  
Vilhelmína Haraldsdóttir (frá 2014)



## Stjórn Persónuverndar 2016–2020

### Aðalmenn

Björg Thorarensen formaður  
Aðalsteinn E. Jónasson varaformaður  
Ólafur Garðarsson  
Vilhelmína Haraldsdóttir  
Þorvarður Kári Ólafsson

### Varamenn

Ástríður Grímsdóttir  
Haraldur Briem  
Jónas Sturla Sverrisson  
Kristín Edwald  
Tryggvi Viggósson


## Stjórn Persónuverndar 2020–2023

### Aðalmenn

Björg Thorarensen formaður (til 2020)  
Ólafur Garðarsson varaformaður (til 2021)  
og formaður (frá 2021)  
Árnína Steinunn Kristjánsdóttir varaformaður (frá 2023)  
Björn Geirsson  
Vilhelmína Haraldsdóttir  
Þorvarður Kári Ólafsson

### Varamenn

Kristín Edwald  
Sindri M. Stephensen  
Sveinn Magnússon  
Vera Sveinbjörnsdóttir  
Jónas Sturla Sveinsson  
Lára Herborg Ólafsdóttir (frá 2023)



Stjórn Persónuverndar 2023



# Persónuvernd í tölum

Óafgreidd mál frá fyrri árum

**371**

Nýskráð mál


**2083**

Lokin mál

**2152**

■ Nýskráð

■ Lokið





# Árið í hnotskurn

Lok máls í framhaldi af úttekt hjá Sjúkratryggingum Íslands  
Hinn 2. maí 2023 tók Persónuvernd ákvörðun, í máli nr. 2020010085, varðandi eftirfylgni og beitingu viðurlaga í framhaldi af úttekt á öryggi persónuupplýsinga hjá Sjúkratryggingum Íslands.

## Nýjar reglur um rafræna vöktun

Persónuvernd gaf út nýjar reglur um rafræna vöktun ásamt fyrirmyndum að merkingum og fræðslu þar að lútandi. Samhliða voru gefnar út leiðbeiningar um meðferð tölvupósts, skráasvæða og eftirlit með netnotkun.

Persónuvernd veitir hagnýt ráð í tilefni komandi fermingartíðar

Fundur norrænna persónuverndarstofnana í Reykjavík 14–16. maí

## Alþjóðlegi persónuverndardagurinn

Alþjóðlegi persónuverndardagurinn var haldinn hátíðlegur í 17. skipti. Persónuverndarstofnanir víða um heim stóðu fyrir ýmsum kynningum og vitundarvakningu um málefni persónuverndar í tengslum við daginn. Í tilefni dagsins ritaði Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, grein um málefni persónuverndar sem ber heitið „Hverju skilar vernd persónuupplýsinga?“

Norrænar persónuverndarstofnanir halda áfram nánu samstarfi

janúar

febrúar

mars

apríl

maí

júní

júlí

## Alþjóðlegi netöryggisdagurinn – fræðsluáttak Persónuverndar og Fjölmiðlanefndar

Persónuvernd, í samstarfi við Fjölmiðlanefnd, kynnti væntanlegt fræðsluáttak um mikilvægi persónuverndar, miðlalæsis og netöryggis barna í stafrænni tilveru.

## Finnland tekur við formennsku í Evrópska persónuverndarráðinu

Nýr formaður Evrópska persónuverndarráðsins (EDPB), Anu Talus (Finnlandi), var kjörin formaður Evrópska persónuverndarráðsins (EDPB) til næstu fimm ára.

## Stefna úttekta og frumkvæðisathugana fyrir árið 2023

Persónuvernd ákvað að árið 2023 yrði við ákvörðun um úttektir og frumkvæðisathuganir einblínt á vinnslu persónuupplýsinga í sérstakri forgangsröð málefna. Sjá nánari umfjöllun um úttektir Persónuverndar 2023.

## Meta IE sektað um 1,2 milljarða evra

Írská persónuverndarstofnunin (DPC) tilkynnti í vikunni að stofnunin hefði lagt 1,2 milljarða evra sekt á Meta IE í kjölfar rannsóknar stofnunarinnar á Facebook. Ákvörðunin varðaði flutning Meta IE á persónuupplýsingum til Bandaríkjanna á grundvelli staðlaðra samningsskilmála.

Netumferðarskólinn – Fræðsluferð um land allt um mikilvægi persónuverndar, miðlalæsis og netöryggis barna í stafrænni tilveru.  
Rúmlega 1400 börn tóku þátt í Netumferðarskólanum.

Sektir vegna skráningar upplýsinga frá eCommerce 2020 og Almennri innheimtu hjá Creditinfo Lánstrausti  
Mál nr. 2020061901, 2022111927 og 2023050850

Sekt á hendur Íþróttta- og sýningahöllinni hf. vegna rafrænnar vöktunar í Laugardalshöll  
Mál nr. 2021071520

Nýjar málsmeðferðarreglur Persónuverndar taka gildi

Sekt vegna öryggisveikleika í Heilsuveru

Persónuvernd lagði stjórnvaldssekt, að upphæð 12.000.000 króna, á embætti landlæknis vegna öryggisveikleika í upplýsingavefnum Heilsuveru.  
Mál nr. 2020061844

Úttektir á skýjaþjónustu Google í grunnskólastarfi

Persónuvernd lagði fyrir Garðabæ, Hafnarfjarðarbæ, Kópavogsbæ, Reykjanesbæ og Reykjavíkurborg að færa vinnslu persónuupplýsinga grunnskólanemenda í nemendakerfi Google, Google Workspace for Education, til samræmis við persónuverndarlöggjöfina. Að auki voru stjórnvaldssektir lagðar á framangreind sveitarfélög.

ágúst

september

október

nóvember

desember

Nýtt samkomulag um flutning persónuupplýsinga frá Evrópu til Bandaríkjanna  
Mál nr. 2021020431

Breytingar á afgreiðslu kvartana hjá Persónuvernd

Gerðar voru breytingar á persónuverndarlögum í því skyni að einfalda meðferð kvörtunarmála hjá Persónuvernd.

Heimsókn til systurstofnunar Persónuverndar á Ítalíu

Dagana 26.-27. október sótti starfsfólk Persónuverndar tveggja daga fræðslufund hjá ítölsku persónuverndarstofnuninni í Róm. Á dagskrá fundarins var meðal annars umfjöllun um nýleg mál tengd ChatGPT, Replika, TikTok og SeeSaw auk þess sem persónuvernd barna var í forgrunni.

Sænska persónuverndarstofnunin sektar sveitarfélag vegna notkunar skýjaþjónustu Google í grunnskólum

# Úttektasvið Persónuverndar

Árið 2023 hafði úttektasvið Persónuverndar, sem fyrr, ærið verk fyrir höndum. Umfang vinnslu persónuupplýsinga fer síst minnkandi og áhættan eykst, meðal annars með miðlægrri upplýsingasöfnun og aukinni notkun gervigreindar og sjálfvirkar ákvarðanatöku. Er það meðal markmiða úttektasviðs að við alla vinnslu persónuupplýsinga verði það forgangsmál, hjá þeim sem bera ábyrgð á og vinna upplýsingarnar, að virðing sé borin fyrir einkalífi, frelsi og mannhelgi einstaklinga.

Um nokkurt skeið hafa áform Persónuverndar verið að auka vægi frumkvæðisathugana og úttekta hjá stofnuninni og beina eftirliti í auknum mæli að

vinnslu persónuupplýsinga sem hefur mikla áhættu í för með sér fyrir persónuvernd og varðar breiðan hóp manna. Á hinn bóginn ber Persónuvernd að sinna fjölda lögbundinna verkefna, sem stofnunin hefur ekki fullt forræði á, og hefur það haft mikil áhrif á þann tíma sem stofnuninni hefur verið unnt að verja í frumkvæðiseftirlit. Til að mynda hefur stofnuninni framan af verið skylt að rannsaka og úrskurða um allar kvartanir sem henni berast og hefur mannauður stofnunarinnar að miklu leyti verið bundinn við úrlausn þeirra mála.

Í því skyni að forgangsraða verkefnum og auka gagnsæi hefur Persónuvernd sett fram viðmiðanir, um hvenær skal hefja frumkvæðisathuganir og



úttektir, í málsmeðferðarreglum sínum. Þá hefur úttektasvið stofnunarinnar sett sér stefnur með áherslumálum komandi mánaða.

Í febrúar 2023 birti Persónuvernd stefnu sína fyrir árið í þessum málaflokki. Samkvæmt stefnunni var ákveðið að einblína á vinnslu í eftirfarandi forgangsröð:

1. Vinnsla persónuupplýsinga í snjalllausnum/hugbúnaðarkerfum fjármálafyrirtækja.
2. Vinnsla persónuupplýsinga í snjalllausnum/hugbúnaðarkerfum váttryggingafélaga.
3. Gerð persónusniða og örnálgun (e. microtargeting).
4. Vinnsla persónuupplýsinga á sviði fjártækni.
5. Vinnsla persónuupplýsinga á sviði heilbrigðistækni.

Óhætt er að fullyrða að Persónuvernd varð ekki mikið ágengt við að fylgja stefnunni eftir á árinu þótt stefnan hafi ávallt verið höfð til hliðsjónar þegar teknar voru ákvarðanir um að hefja mál að eigin frumkvæði. Í raun hófst aðeins ein úttekt á árinu og lýtur hún að lagaskyldu Persónuverndar til að hafa eftirlit með VIS-upplýsingakerfinu. Persónuvernd hóf nokkuð fleiri frumkvæðisathuganir á árinu, alls 19 talsins.

Árið 2023 lauk Persónuvernd sjö úttektum, þar af sex með efnislegri niðurstöðu en af þeim voru fimm sem vörðuðu notkun grunnskóla á Google-nemendakerfinu. Enn eru til meðferðar svokölluð eftirfylgnimál til að fylgja eftir fyrirmælum Persónuverndar samkvæmt síðastnefndum ákvörðunum. Þá lauk Persónuvernd 20 frumkvæðisathugunum á árinu, þar af 15 með efnislegri úrlausn. Því er ljóst að nokkur árangur náðist í eftirliti stofnunarinnar en betur má ef duga skal.

Við áramót 2023–2024 voru enn þrettán frumkvæðisathuganir og úttektir til rannsóknar hjá Persónuvernd og verður leitast við ljúka þessum málum á fyrstu mánuðum ársins 2024.

Til stendur að vinna áfram eftir stefnu ársins 2023 á nýju ári og eru bundnar vonir við að frumkvæðiseftirlit Persónuverndar næstu misseri nái víðar en á liðnum árum. Er þá meðal annars horft til þess að um mitt ár 2023 tóku í gildi breytingar á persónuverndarlögum sem fela í sér að Persónuvernd þarf nú ekki lengur að taka til rannsóknar allar kvartanir sem berast stofnuninni. Samfara þeim breytingum var málsmeðferðarreglum Persónuverndar breytt og er þar nú einnig mælt fyrir um þær viðmiðanir sem stofnuninni ber að taka mið af við ákvörðun um hvaða kvartanir hún tekur til rannsóknar. Með innleiðingu þessara breytinga ætti Persónuvernd að vera færð að verja auknum tíma og mannauði í frumkvæðiseftirlit stofnunarinnar.

Málsmeðferð í frumkvæðisathugunum og úttektum var einnig tekin til endurskoðunar og leitast við að einfalda verkferla með hliðsjón af fenginni reynslu. Gera málsmeðferðarreglurnar nú ráð fyrir að Persónuvernd geti framkvæmt eftirlit að einhverju marki án þess að sérstakt stjórnsýslumál teljist stofnað. Mun það auðvelda stofnuninni að óska upplýsinga frá ábyrgðar- og vinnsluaðilum en loka málum án frekari rannsóknar eða efnislegrar afstöðu til vinnslu, ef ekkert þykir benda til þess að vinnslan samrýmist ekki lögum eða ef vankantar teljast minniháttar. Má ætla að þessi breyting leiði til þess að Persónuvernd telji sér færð að afla upplýsinga frá fleiri aðilum en áður. Standa vonir til þess að með samtali við fleiri aðila verði unnið nær því markmiði að þeir sem vinna með persónuupplýsingar setji persónuvernd í forgang.



# Úrlausnir í frumkvæðismálum

## Rafræn vöktun af hálfu Íprótta- og sýningahallarinnar hf. í Laugardalshöll

Mál nr. 2021071520

Persónuvernd lauk frumkvæðisathugun á rafrænni vöktun af hálfu Íprótta- og sýningahallarinnar hf. í rými Laugardalshallar. Afmarkaðist frumkvæðisathugunin við það þegar aðrir en rekstraraðili hússins fengu það til afnota í tengslum við viðburðahald. Niðurstaða Persónuverndar var að vinnsla persónuupplýsinga, sem til verða við rafræna vöktun Íprótta- og sýningahallarinnar hf. á viðburðum í Laugardalshöll, samrýmdist ekki ákvæðum persónuverndarlöggjafarinnar um vinnsluheimildir og meginreglum um málefnalegan tilgang og gagnsæi. Þá var fyrirtækið einnig talið brjóta gegn ákvæðum um fræðsluskyldu og skyldu til að gera viðvart um vöktunina með merkingum. Persónuvernd lagði fyrir Íprótta- og sýningahöllina hf. að láta af rafrænni vöktun í Laugardalshöll nema ef mat á vinnslu persónuupplýsinga leiði í ljós að eignavörslu- og öryggishagsmunir félagsins gangi frammar einkalífshagsmunum gesta hússins. Persónuvernd lagði einnig fyrir Íprótta- og sýningahöllina hf. að uppfæra merkingar til samræmis við gildandi reglur um rafræna vöktun.

## Vinnsla Icelandair ehf. á persónuupplýsingum

Mál nr. 2022050940

Persónuvernd lauk frumkvæðisathugun sinni á vinnslu Icelandair ehf. á persónuupplýsingum flugfreyja og flugþjóna félagsins. Návar tiltekið hóf Persónuvernd frumkvæðisathugun í kjölfar fréttáflutnings og ábendingar um að flugfreyjum og flugþjónum Icelandair ehf. væri gert að meta hvert annað í starfi og skrá það mat í tiltekið smáforrit. Niðurstaða Persónuverndar var að vinnsla Icelandair ehf. á persónuupplýsingum flugfreyja og flugþjóna með smáforritinu hefði ekki samrýmst meginreglum persónuverndarlaganna um meðalhóf og sanngirni. Jafnframt var það niðurstaða Persónuverndar að Icelandair ehf. hefði brotið gegn skyldu sinni til að framkvæma mat á áhrifum umræddrar vinnslu á persónuvernd áður en hún hófst. Persónuvernd lagði fyrir Icelandair ehf. að færa vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við frammistöðumat á flugfreyjum og flugþjónum félagsins til samræmis við ákvæði persónuverndarlöggjafarinnar.

## Ákvörðun um notkun Seesaw-nemendakerfisins í grunnskólum Kópavogsbæjar

Mál nr. 2022020414

Persónuvernd lauk úttekt á notkun Seesaw-nemendakerfisins í grunnskólum Kópavogsbæjar. Úttektin leiddi í ljós margvísleg brot Kópavogsbæjar á persónuverndarlöggjöfni. Meðal annars studdist vinnsla persónuupplýsinga grunnskólanemenda í kerfinu ekki við fullnægjandi vinnsluheimild þar sem hún rúmaðist ekki að öllu leyti innan þeirra lögbundnu verkefna sem Kópavogsbæ eru falin með lögum um grunnskóla. Þá var vinnslan ekki talin í samræmi við meginreglur persónuverndarlöggjafarinnar um lögmæta, sanngjarna og gagnsæja vinnslu, skýrt tilgreindan, lögmætan og málefnalegan tilgang, meðalhóf og varðveislu persónuupplýsinga. Einnig uppfyllti vinnslusamningur við Seesaw ekki öll skilyrði löggjafarinnar, ekki lá fyrir samkomulag um sameiginlega ábyrgð varðandi vinnslu persónuupplýsinga sem Seesaw og Kópavogsbær báru sameiginlega ábyrgð á og mat á áhrifum á persónuvernd sem Kópavogsbær framkvæmdi vegna vinnslunnar var háð verulegum ágöllum. Jafnframt var Kópavogsbær ekki talinn hafa tryggt öruggan flutning persónuupplýsinga til Bandaríkjanna en persónuupplýsingar nemenda voru varðveittar þar auk þess sem Seesaw notaðist við fjölda undirvinnsluaðila í Bandaríkjunum. Lagt var fyrir Kópavogsbæ að loka reikningum nemenda í nemendakerfinu og sjá til þess að öllum persónuupplýsingum þeirra yrði eytt en þó ekki áður en tekin hefðu verið afrit af upplýsingunum til að afhenda nemendum eða, eftir atvikum, til varðveislu í skólunum. Að auki var lögð 4.000.000 króna stjórnvaldssekt á sveitarfélagið. Við ákvörðun um hvort leggja skyldi á sekt og hver fjárhæð hennar skyldi vera var meðal annars litið til þess að brot Kópavogsbæjar vörðuðu persónuupplýsingar barna sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt persónuverndarlöggjöfni og líkur þóttu á að skráðar væru í kerfið viðkvæmar persónuupplýsingar þeirra og upplýsingar viðkvæms eðlis. Þá var litið til þess að Kópavogsbær hélt áfram notkun Seesaw-nemendakerfisins þrátt fyrir að Persónuvernd hefði áður komist að þeirri niðurstöðu að Reykjavíkurborg hefði brotið gegn persónuverndarlöggjöfni með notkun Seesaw-nemendakerfisins í grunnskólum og án þess að grípa til fullnægjandi ráðstafana til að tryggja



að vinnsla persónuupplýsinga nemenda í kerfinu samrýmdist persónuverndarlöggjöf. Einnig var horft til þess að áhætta fylgir því að persónuupplýsingar séu fluttar til Bandaríkjanna og unnar þar án þess að gripið sé til viðeigandi verndarráðstafana. Á hinn bóginn var litið til þess að ekkert tjón virtist hafa orðið vegna brotanna, ekkert benti til annars en að almennt upplýsingaöryggi Seesaw væri fullnægjandi og að Kópavogsbær svaraði erindum Persónuverndar við meðferð málsins með skýrum og greinargóðum hætti.

Úttektin náði einnig til notkunar Kópavogsbæjar á skjáþjónustu Google, sbr. neðangreinda umfjöllun.

### **Ákvörðun Persónuverndar vegna úttektar á öryggi persónuupplýsinga í hinum íslenska hluta Schengen–upplýsingakerfisins**

Mál nr. 2022010055

Persónuvernd lauk úttekt á öryggi persónuupplýsinga í hinum íslenska hluta Schengen–upplýsingakerfisins en í kerfið eru af Íslands hálfu skráðar upplýsingar sem miða að því að tryggja öryggi á Schengen–svæðinu. Úttekt Persónuverndar leiddi í ljós að ekki væru alvarlegir veikleikar á öryggi persónuupplýsinga í Schengen–upplýsingakerfinu. Lagði Persónuvernd fyrir embætti ríkislögreglustjóra að gera minniháttar ráðstafanir í tengslum við rekstur kerfisins.

### **Lok máls í framhaldi af úttekt hjá Sjúkratryggingum Íslands**

Mál nr. 2020010085

Persónuvernd tók ákvörðun varðandi eftirfylgni og beitingu viðurlaga í framhaldi af úttekt á öryggi persónuupplýsinga hjá Sjúkratryggingum Íslands. Niðurstaða úttektarinnar hafði áður verið send Sjúkratryggingum en þar var fjallað um stöðu öryggismála hjá stofnuninni á þeim tíma sem athugun á vettvangi vegna úttektarinnar fór fram svo og um umbætur sem gerðar höfðu verið í millitíðinni. Þá voru gefin fyrirmæli um atriði sem talin var þörf á að bætt yrði úr, auk þess sem veittur var andmælaréttur um beitingu sektarheimilda Persónuverndar vegna atriða sem metin voru alvarleg.

Að fengnum athugasemdum Sjúkratrygginga taldi Persónuvernd að brugðist hefði verið við fyrirmælum með fullnægjandi hætti. Hins vegar var því lýst að á tíma vettvangsathugunar hefðu tvö atriði falið í sér það alvarlega öryggisveikleika að tilefni gæfist til sektarálagningar. Þau atriði lutu annars vegar að skorti á margþátta auðkenningu til aðgangs starfsmanna og veitenda heilbrigðisþjónustu að upplýsingakerfum með heilbrigðisupplýsingum og hins vegar að notkun raungagna í þróunar- og

prófunarumhverfi en í ljósi þessara atriða var niðurstaða Persónuverndar að brotið hefði verið gegn ákvæðum persónuverndarlöggjafarinnar um öryggi við vinnslu persónuupplýsinga. Við ákvörðun um hvort leggja skyldi á sekt og hver fjárhæð hennar skyldi vera var meðal annars litið til þess að hjá Sjúkratryggingum fer fram miðlæg vinnsla heilsufarsupplýsinga sem tekur til landsins alls, um ræðir mikinn fjölda einstaklinga, ábyrgð Sjúkratrygginga er rík í ljós lögbundins hlutverks stofnunarinnar og upplýsingar um heilsufar verða að njóta sérstakrar verndar. Einnig var hins vegar litið til þess að ekki var um ásetning að ræða, Sjúkratryggingar sýndu mikinn samstarfsvilja við rekstur málsins, mikil vinna átti sér stað hjá stofnuninni til að bæta öryggi persónuupplýsinga, brugðist var við fyrirmælum Persónuverndar með fullnægjandi hætti, svo og þess að Sjúkratryggingar eru ekki reknar í hagnaðarskyni heldur gegna almannþjónustuhlutverki.

Með vísan til framangreinds og allra atvika komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að lögð skyldi 2.000.000 króna stjórnvaldssekt á Sjúkratryggingar Íslands.

### **Öryggi persónuupplýsinga í lyfjaávisanagátt**

Mál nr. 2023050834

Persónuvernd lauk frumkvæðisathugun á öryggisráðstöfunum í lyfjaávisanagátt, sem er rekin af embætti landlæknis. Niðurstaða Persónuverndar var að embætti landlæknis hefði ekki viðhaft viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja viðunandi öryggi persónuupplýsinga í gáttinni. Byggðist niðurstaðan á því að ekki var fyrir hendi atburðaskrá sem tryggði persónubundinn rekjanleika uppfléttinga í lyfjaávisanagátt. Með ákvörðun Persónuverndar voru þau fyrirmæli lögð fyrir embætti landlæknis að það gerði viðeigandi ráðstafanir sem miðuðu að því að varna gegn óheimilum aðgangi að persónuupplýsingum í gáttinni, einkum þannig að persónubundinn rekjanleiki uppfléttinga yrði tryggður.

### **Sekt vegna öryggisveikleika í Heilsuveru**

Mál nr. 2020061844

Persónuvernd lagði stjórnvaldssekt, að upphæð 12.000.000 króna, á embætti landlæknis vegna öryggisveikleika í upplýsingavefnum Heilsuveru. Embættið hafði tilkynnt um öryggisbrest þegar tveir einstaklingar náðu að sjá gögn sér óviðkomandi. Annars vegar var það vegna veikleika í skilaboðahluta Heilsuveru sem fól í sér að með breytingu á tengistreng gat innskráður notandi nálgast sér óviðkomandi skilaboð sem gátu verið persónugreinanleg. Hins vegar var það vegna



veikleika sem gerði innskráðum notendum í mæðraverndarluta Heilsuveru, sem fengið höfðu aðgang að sónarmynd úr sjúkraskrárkerfi annarrar af tveimur heilbrigðisstofnunum, kleift að sjá viðhengi annarra einstaklinga í sjúkraskrárkerfi viðkomandi stofnunar með breytingu á vefslóð. Framangreint var talið brjóta gegn ákvæðum persónuverndarlöggjafarinnar um öryggi við vinnslu persónuupplýsinga. Viss atriði voru metin til málsbóta, þ. á m. þær öryggisráðstafanir sem viðhafðar eru í Heilsuveru almennt. Í ljósi meðal annars viðkvæms eðlis umræddra upplýsinga og misvísandi og efnislega rangra skýringa við rannsókn málsins var hins vegar komist að þeirri niðurstöðu um sektarlagningu sem fyrr greinir.

### **Sekt á hendur Almennri innheimtu ehf. (nú A.I.C. ehf.) vegna sendingar upplýsinga til skráningar hjá Creditinfo Lánstrausti**

Mál nr. 2023050850

Persónuvernd lagði stjórnvaldssekt, að upphæð 3.500.000 króna, á A.I.C. ehf. (áður Almenn innheimta ehf.) vegna skráningar á vanskilum krafna vegna svonefndra smálána hjá fjárhagsupplýsingastofnunni Creditinfo Lánstrausti hf. á tilteknu tímabili án þess að skráningarskilyrðum væri fullnægt. Við ákvörðun um hvort leggja skyldi á sekt og hver fjárhæð hennar skyldi vera var litið til fjölda hinna skráðu, að vinnslan tengdist kjarnastarfsemi félagsins, starfseminni var ætlað að skila hagnaði, svo og hins sérlega íþyngjandi eðlis vinnslunnar, meðal annars í tengslum við möguleika hinna skráðu á lánaþingreiðslu vegna íbúðakaupa eða ófyrirséðra útgjalda. Jafnframt var höfð til hliðsjónar stjórnvaldssekt sem lögð var á eCommerce 2020 ApS með ákvörðun Persónuverndar, dags. sama dag. Hafði mikill rekstrarhagnaður, sem það félag naut vegna umræddra lánveitinga, þar sérstakt vægi og var litið til þess að ársreikningar A.I.C. ehf. sýndu ekki slíkan hagnað. Þá var tekið tillit til þess, við afmörkun sektarfjárhæðar, að veruleg lækun hafði orðið á veltu félagsins frá því að atvik máls áttu sér stað.

### **Sekt á hendur eCommerce 2020 ApS vegna skráningar upplýsinga hjá Creditinfo Lánstrausti**

Mál nr. 2022111927

Persónuvernd lagði stjórnvaldssekt, að upphæð 7.500.000 króna, á eCommerce 2020 ApS vegna skráningar á vanskilum krafna vegna svonefndra smálána hjá fjárhagsupplýsingastofnunni Creditinfo Lánstrausti hf. á tilteknu tímabili án þess að skráningarskilyrðum væri fullnægt. Við ákvörðun um hvort leggja skyldi á sekt og hver fjárhæð

hennar skyldi vera var litið til fjölda hinna skráðu, að vinnslan tengdist kjarnastarfsemi eCommerce 2020, starfseminni var ætlað að skila hagnaði, svo og hins sérlega íþyngjandi eðlis vinnslunnar, meðal annars í tengslum við möguleika hinna skráðu á lánaþingreiðslu vegna íbúðakaupa eða ófyrirséðra útgjalda. Rekstrarhagnaður sem félagið naut vegna umræddra lánveitinga hafði sérstakt vægi við afmörkun sektarfjárhæðar en jafnframt var tekið tillit til þess að verulegur samdráttur hafði orðið á umsvifum félagsins frá því að atvik máls áttu sér stað.

### **Sekt á hendur Íprótta- og sýningahöllinni hf. vegna rafrænnar vöktunar í Laugardalshöll**

Mál nr. 2021071520

Persónuvernd lagði stjórnvaldssekt, að upphæð 3.500.000 króna, á Íprótta- og sýningarhöllina hf., vegna rafrænnar vöktunar í Laugardalshöll, í samræmi við fyrri ákvörðun stofnunarinnar í málinu. Við ákvörðun um hvort leggja skyldi á sekt og hver fjárhæð hennar skyldi vera var meðal annars litið til þess að brotið var á persónuvernd barna og unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar án viðeigandi heimildar auk þess sem vöktunin var umfangsmikil hvað varðar tíma og fjölda hinna skráðu.

### **Úttektir á notkun fimm sveitarfélaga á skýjalausn Google í grunnskólastarfi**

Mál nr. 2022020363, 2022020418, 2022020416, 2022020415 og 2022020414

Persónuvernd boðaði úttektir á notkun fimm sveitarfélaga (Garðabæjar, Hafnarfjarðarbæjar, Kópavogsbæjar, Reykjanesbæjar og Reykjavíkurborgar) á skýjaþjónustu Google, Google Workspace for Education, í grunnskólastarfi. Voru úttektirnar þáttur í viðtækara verkefni sem unnið var að frumkvæði Evrópska persónuverndarráðsins. Úttektir Persónuverndar á notkun Google-nemendakerfisins leiddu í ljós að Google vinnur persónuupplýsingar grunnskólanemenda umfram fyrirmæli sveitarfélaganna og þótti ekki sýnt fram á að vinnslan rúmaðist innan þess tilgangs sem sveitarfélögin hafa skilgreint fyrir vinnslu persónuupplýsinga í nemendakerfinu. Niðurstaða Persónuverndar var að um væri að ræða margvísleg brot sveitarfélaganna á persónuverndarlöggjöfinni með notkun nemendakerfisins. Meðal annars þóttu sveitarfélögin ekki hafa uppfyllt ábyrgðarskyldur sínar þegar lagt var mat á og tekin ákvörðun um að nota Google sem vinnsluáðila og vinnslusamningar sveitarfélaganna við Google uppfylltu ekki öll skilyrði persónuverndarlöggjafarinnar. Þá uppfylltu sveitarfélögin ekki ábyrgðarskyldur sínar sem lúta að því að persónuupplýsingar grunnskólanemenda skulu

ekki unnar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi en þeim sem sveitarfélögin hafa tilgreint fyrir vinnslunni. Enn fremur sinntu sveitarfélögin ekki skyldum sínum sem lúta að lágmarkun gagna og innbyggðri og sjálfgefni persónuvernd. Garðabær, Hafnarfjarðarbær, Kópavogsbær og Reykjanesbær uppfylltu auk þess ekki ábyrgðarskyldur sínar sem lúta að geymslutakmörkun og sjálfgefni persónuvernd. Einnig voru mót Garðabæjar, Hafnarfjarðarbæjar, Reykjanesbæjar og Reykjavíkurborgar á áhrifum á persónuvernd háð ágöllum en Kópavogsbær framkvæmdi ekki slíkt mat. Sveitarfélögin tryggðu jafnframt ekki öruggan flutning persónuupplýsinga til Bandaríkjanna fram til 10. júní 2023 þegar jafngildisákvörðun varðandi flutning persónuupplýsinga frá Evrópu til Bandaríkjanna var samþykkt. Persónuvernd lagði fyrir Garðabæ, Hafnarfjarðarbæ, Kópavogsbæ, Reykjanesbæ og Reykjavíkurborg að færa vinnslu persónuupplýsinga grunnskólanemenda í nemendakerfi Google, Google Workspace for Education, til samræmis við persónuverndarlöggjöfina. Að auki voru stjórnvaldssektir lagðar á sveitarfélögin. Reykjavíkurborg var gert að greiða sekt að fjárhæð 2.000.000 krónur, Garðabæ og Reykjanesbæ 2.500.000 króna sekt, Hafnarfjarðarbæ 2.800.000 króna sekt og Kópavogsbæ 3.000.000 króna sekt. Við ákvörðun um hvort leggja skyldi á sekt og hver fjárhæð hennar skyldi vera var m.a. litið til umfangs og alvarleika brota sveitarfélaganna og þeirra aðgerða sem voru innleiddar eftir að úttektirnar hófust.

## Öryggisbrestur í kerfum Strætó

Mál nr. 2021122453

Persónuvernd lauk frumkvæðisathugun á öryggi persónuupplýsinga í kerfum Strætó bs.

Strætó bs. tilkynnti Persónuvernd um öryggisbrest í desember 2021, þegar tölvukerfi fyrirtækisins varð fyrir fjandsamlegri árás og utanaðkomandi aðilar komust yfir gögn sem þar voru geymd. Samkvæmt vinnslusamningi Strætó bs. og Advania Ísland ehf. annaðist Advania hýsingu gagnanna. Rannsókn Syndis ehf. á öryggisbrestinum leiddi í ljós að ekki var hægt að fullyrða hvernig öryggisbresturinn hefði orðið þar sem atvikaskráningu í kerfum Strætó bs. hefði verið ábótavant. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að með því að sjá ekki til þess að viðeigandi atvikaskráning væri viðhöfð, hefði Strætó bs. ekki sinnt skýrum ábyrgðarskyldum, sem lúta að því að tryggja viðeigandi öryggi og geta sýnt fram á að það sé gert. Að teknu tilliti til efnis vinnslusamnings aðila komst Persónuvernd einnig að þeirri niðurstöðu að Advania Ísland ehf. hefði ekki sinnt sjálfstæðum skyldum vinnsluaðila hvað viðkemur því að tryggja viðeigandi öryggi persónuupplýsinga.

# Úrlausnir í kvörtunarmálum

## Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Hagsmunasamtaka heimilanna

Mál nr. 2021081651

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir stofnun og birtingu valkvæðrar kröfu í heimabanka. Nánar tiltekið hafði kvartandi sagt sig úr Hagsmunasamtökum heimilanna og óskað eftir að valgreiðslukrafa frá samtökunum yrði fjarlægð úr heimabanka hans. Þeirri beiðni var hafnað og kvartanda ráðlagt að fela kröfuna þar til hún félli sjálfkrafa niður að tveimur árum liðnum. Niðurstaða Persónuverndar var að vinnsla Hagsmunasamtaka heimilanna á persónuupplýsingum, sem fólst í birtingu valgreiðslukröfunnar, samrýmdist ekki lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd lagði fyrir Hagsmunasamtök heimilanna að stöðva umrædda vinnslu á persónuupplýsingum kvartanda.

## Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga af hálfu lögmanns Icelandair, Icelandair ehf., Global Aerospace Underwriting og Holman Fenwick Willan LLP

Mál nr. 2020092335

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga af hálfu lögmanns Icelandair, Icelandair ehf, Global Aerospace Underwriting og Holman Fenwick Willan LLP. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að viðkvæmum persónuupplýsingum um kvartanda, er innihéldu m.a. heilsufarsupplýsingar, var miðlað til sérfræðings í Bandaríkjunum án samþykkis og vitundar kvartanda í tengslum við mál vegna dómskvaðningar matsmanna sem kvartandi höfðaði á hendur Icelandair ehf. Niðurstaða Persónuverndar var að vinnsla lögmanns Icelandair, Icelandair ehf., Global Aerospace Underwriting og Holman Fenwick Willan LLP á heilsufarsupplýsingum kvartanda og miðlun þeirra til þriðja aðila í Bandaríkjunum samrýmdist lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Hins vegar voru skilyrði um samkomulag um skiptingu ábyrgðar ekki talin uppfyllt af hálfu lögmanns Icelandair, Icelandair ehf., Global Aerospace Underwriting og Holman Fenwick Willan LLP.

## Hljóðritun símtala og miðlun þeirra til lögreglu

Mál nr. 2021101915

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir hljóðritun ábyrgðaraðila á símtölum við

kvartanda og miðlun þeirra til lögreglu. Eins og hér háttaði til var það mat Persónuverndar að umrædd hljóðritun hefði einungis verið í þágu ábyrgðaraðila sjálfs og fjölskyldu hans. Því hafi vinnslan fallið utan gildissviðs persónuverndarlaga þar sem lögin taka ekki til meðferðar einstaklings á persónuupplýsingum sem eingöngu varða einkahagi hans eða fjölskyldu hans eða eru einvörðungu ætlaðar til persónulegra nota. Miðlun hljóðritananna til lögreglu taldist hins vegar til vinnslu persónuupplýsinga sem heyrði undir gildissvið laganna. Hvað miðlunina varðaði var það mat Persónuverndar að hún hefði verið ábyrgðaraðila nauðsynleg til að verja einkalíf sitt og öryggi og að ábyrgðaraðili hefði haft lögmæta hagsmuni af miðluninni. Kvörtunin tók einnig til þess að kvartandi hefði ekki fengið fræðslu um vinnslu persónuupplýsinga um hann. Frá meginreglu laganna um fræðsluskyldu eru þó tilteknar undantekningar og taldi Persónuvernd að þær ættu við í þessu tilviki þar sem persónuupplýsingunum var miðlað til lögreglu til að sýna fram á refsivert brot. Þá taldi Persónuvernd að brýnir hagsmunir ábyrgðaraðila af því að miðla umræddum persónuupplýsingum kvartanda til lögreglu, án þess að þurfa að upplýsa hann um það, hefðu vegið þyngra en hagsmunir kvartanda af því að fá fræðslu um miðlunina.

## Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Reykjavíkurborgar

Mál nr. 2022081293

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir miðlun Austurmiðstöðvar Reykjavíkurborgar á viðkvæmum persónuupplýsingum til óviðkomandi aðila með tölvupósti. Nánar tiltekið var um að ræða sendingu læstrar skýrslu sem innihélt heilsufarsupplýsingar barns ásamt lykilorði til að opna skýrsluna. Niðurstaða Persónuverndar var að miðlunin grundvallaðist hvorki á vinnsluheimild né samrýmdist hún meginreglum persónuverndarlaga um lögmæta, sanngjarna og gagnsæja vinnslu og öryggi persónuupplýsinga.

## Eftirlit af hálfu Fiskistofu

Mál nr. 2021030579

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir myndbandsupptökum Fiskistofu með notkun dróna. Nánar tiltekið var kvartað yfir að Fiskistofa hefði fylgst með veiðum fiskiskips og notað við það dróna með myndavél. Niðurstaða Persónuverndar

var að vinnsla Fiskistofu á persónuupplýsingum kvartanda grundvallaðist ekki á vinnsluheimild. Þá samrýmdist vinnslan hvorki meginreglu persónuverndarlaganna um gagnsæi né reglum um fræðsluskyldu. Persónuvernd lagði fyrir Fiskistofu að færa vinnslu persónuupplýsinga sem á sér stað við eftirlit með upptökum með dróna til samræmis við ákvæði persónuverndarlöggjafarinnar um gagnsæi, fræðsluskyldu og vinnsluheimild.

### **Rafræn vöktun af hálfu nágranna**

Mál nr. 2021091678

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir rafrænni vöktun af hálfu nágranna. Nánar tiltekið var kvartað yfir að nágranni hefði sett upp eftirlitsmyndavél þannig að sjónsvið myndavélarinnar beindist að landi og íbúðarhúsi kvartanda. Einnig var kvartað yfir því að engar merkingar væru til staðar um vöktunina. Niðurstaða Persónuverndar var að vöktunin samrýmdist ekki lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglum um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun.

### **Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Reykjavíkurborgar og rekstraraðila gististaðar**

Mál nr. 2020010736

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Reykjavíkurborgar og gististaðar sem rekinn var af X. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefði skráð og aflað persónuupplýsinga um kvartanda og miðlað þeim áfram á milli sviða hjá borginni og til X án hans heimildar. Jafnframt laut kvörtun að því að fræðslu hefði skort til kvartanda um vinnsluna. Kvörtun gagnvart X laut að skráningu og miðlun persónuupplýsinga um kvartanda án heimildar eða vitneskju hans þar um. Þá laut kvörtunin einnig að afgreiðslu á upplýsingabeiðni kvartanda, bæði hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar og X. Niðurstaða Persónuverndar var að Reykjavíkurborg hefði haft heimild til vinnslunnar á grundvelli laga og að fræðsluskyldan hefði ekki átt við vegna þess. Reykjavíkurborg var hins vegar ekki talin hafa afgreitt aðgangsbéidni kvartanda í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þá var X talið hafa haft heimild til vinnslu upplýsinga um kvartanda vegna lagaskyldu og lögmætra hagsmuna. Hins vegar var X ekki talið hafa afgreitt aðgangsbéidni kvartanda í samræmi við lög. Persónuvernd lagði fyrir Reykjavíkurborg og X að afgreiða aðgangsbéidnir kvartanda.

### **Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Kópavogsbæjar**

Mál nr. 2020010726

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga hjá velferðasviði Kópavogsbæjar. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að félagsráðgjafi Kópavogsbæjar hefði rætt mál kvartanda við aðila hjá velferðasviði Reykjavíkurborgar án vitundar og samþykkis kvartanda og án þess að sinna fræðsluskyldu sinni. Kvörtunin laut jafnframt að því að erindum kvartanda sem beint var til félagsráðgjafans hefði verið svarað af yfirmanni félagsráðgjafans og þau svör hefðu ekki verið í samræmi við svör félagsráðgjafans. Niðurstaða Persónuverndar var að vinnsla Kópavogsbæjar á persónuupplýsingum kvartanda samrýmdist lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

### **Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Reykjavíkurborgar**

Mál nr. 2020010603

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Reykjavíkurborgar. Nánar tiltekið var kvartað yfir öflun, skráningu og miðlun persónuupplýsinga um kvartanda. Þá laut kvörtunin einnig að því að öryggi gagna hefði ekki verið tryggt en persónulegt netfang með endingunni „@gmail.com“ var notað til þess að taka á móti trúnaðargögnum. Niðurstaða Persónuverndar var að vinnsla Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum kvartanda hefði stuðst við fullnægjandi lagaheimildir og samrýmst gagnsæiskröfum en brotið gegn kröfunni um fullnægjandi upplýsingaöryggi samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

### **Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Reykjavíkurborgar**

Mál nr. 2020010725

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga hjá Reykjavíkurborg. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að starfsmaður Reykjavíkurborgar hefði miðlað upplýsingum um kvartanda til velferðasviðs Reykjavíkurborgar. Í kjölfarið hefði upplýsingum verið miðlað til Kópavogsbæjar. Niðurstaða Persónuverndar var að vinnsla Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum kvartanda samrýmdist lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.



## Vinnsla og miðlun skóla á persónuupplýsingum um barn

Mál nr. 2021081617

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu skóla á persónuupplýsingum nemanda og miðlun þeirra til barnaverndarnefndar. Nánar tiltekið var kvartað yfir skoðun og miðlun, þar á meðal munnlegri miðlun, efnis sem varð til við rafræna vöktun og upplýsinga um innihald þess milli starfsmanna skólans en einnig miðlun þess til barnaverndarnefndar sveitafélagsins. Þá var einnig kvartað yfir ófullnægjandi merkingum og fræðslu um rafræna vöktun. Niðurstaða Persónuverndar var að rafræn vöktun skólans samrýmdist ekki ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga er verða til við rafræna vöktun, hvað varðar fræðslu og merkingar um vöktunina. Persónuvernd taldi hins vegar miðlun persónuupplýsinga kvartanda til barnaverndaryfirvalda samrýmast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd lagði fyrir skólann að uppfæra fræðslu sína um rafræna vöktun, þar á meðal merkingar, þannig að hún uppfylli skilyrði um rafræna vöktun.

## Hljóðritun einkasamtala og miðlun þeirra

Mál nr. 2022030544 (máli vísað frá)

Persónuvernd vísaði frá kvörtun yfir hljóðritun einkasamtala og miðlun þeirra. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að nágranni hefði hljóðritað einkasamtöl og sent kvartanda og öðrum upptökur af þeim í tölvupósti. Niðurstaða Persónuverndar var að ekki hefði verið sýnt fram á að umræddum upptökum hefði verið miðlað til annarra en kvartanda og að meðferð persónuupplýsinganna hefði því einvörðungu verið ætluð til persónulegra nota. Féll vinnslan því utan efnislegs gildissviðs laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

## Kvörtun yfir færslu og myndbirtingu á samfélagsmiðli vísað frá

Mál nr. 2021071468 (máli vísað frá)

Persónuvernd vísaði frá kvörtun yfir birtingu ljósmynda af niðurstöðu og dómsorði héraðsdóms með færslu á Facebook-síðu foreldris barns. Ljósmyndirnar voru birtar með textafærslu á Facebook-síðu foreldris þar sem tilteknum viðhorfum var lýst. Taldi Persónuvernd birtingu ljósmyndanna hafa staðið í svo nánum tengslum við textafærslurnar sjálfar að líta yrði á hvort tveggja





sem órjúfanlega heild. Vísaði Persónuvernd kvörtuninni frá á þeim forsendum að stofnunin væri ekki bær til þess að úrskurða um hvort viðkomandi aðilar hefðu farið út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns samkvæmt stjórnarskrá.

### **Vinnsla persónuupplýsinga hjá heilbrigðisstofnun**

Mál nr. 2021122445

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir uppflettingu heilbrigðisstarfsmanns [heilbrigðisstofnunar] í sjúkraskrá kvartanda án heimildar. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að heilbrigðisstarfsmaður [heilbrigðisstofnunar] hefði ekki haft heimild til að fletta upp í sjúkraskrá kvartanda [dags.] þar sem hann hefði á þeim tíma ekki komið að meðferð kvartanda sem sjúklings. Niðurstaða Persónuverndar var að umræddar uppflettingar tiltekins heilbrigðisstarfsmanns á [heilbrigðisstofnun] í sjúkraskrá kvartanda hefðu verið heimilar og að persónuupplýsingar kvartanda hefðu verið unnar með lögsmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti og fengnar í skýrt tilgreindum, lögsmætum og málefnalegum tilgangi.

### **Vinnsla Pizza-Pizza ehf. á persónuupplýsingum**

Mál nr. 2022010143

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga hjá Pizza-Pizza ehf. (rekstraraðila Domino's á Íslandi). Nánar til tekið var kvartað yfir því að nafn kvartanda hefði birst á skjá í

verslun Domino's Pizza við afgreiðslu pöntunar án þess að komið hefðu fram upplýsingar um að nafn hans yrði birt við afgreiðslu pöntunar. Niðurstaða Persónuverndar var að Pizza-Pizza ehf. hefði ekki veitt kvartanda fræðslu um þá vinnslu persónuupplýsinga sem fram fór. Lagði Persónuvernd fyrir Pizza-Pizza ehf. að veita framvegis öllum viðskiptavinum sínum fræðslu um þá vinnslu persónuupplýsinga sem kann að eiga sér stað í tengslum við birtingu nafna þeirra á skjáum í verslunum.

### **Vinnsla dýralæknis á persónuupplýsingum**

Mál nr. 2022081269

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir miðlun persónuupplýsinga til þriðja aðila og afgreiðslu á aðgangsbéðni kvartanda. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að dýralæknir hefði flett upp eyrnamerki kattar í gagnagrunni Dýraauðkennis í tilefni beiðni frá þriðja aðila um tiltekna upplýsingar um kött. Hefðu upplýsingar um kvartanda verið skráðar í gagnagrunninn, meðal annars nafn, kennitala, heimilisfang og símanúmer. Upplýsingunum hefði svo verið miðlað til þriðja aðila af hálfu dýralæknisins. Þá var einnig kvartað yfir því að dýralæknirinn hefði ekki sinnt aðgangsbéðni kvartanda sem barst í kjölfar miðlunar á upplýsingunum.



Niðurstaða Persónuverndar var að miðlun persónuupplýsinga og afgreiðsla á aðgangsbæðni samrýmdist ekki lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

### **Miðlun viðkvæmra persónuupplýsinga um barn af hálfu Garðabæjar**

Mál nr. 2022061030

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir miðlun á viðkvæmum persónuupplýsingum barns. Nánar tiltekið var kvartað yfir miðlun sveitarfélags á viðkvæmum persónuupplýsingum barns til Úrskurðarnefndar um upplýsingamál en kvartendur hófu mál hjá nefndinni í kjölfar gagnabæðni þeirra vegna eineltismáls í skóla barnsins. Niðurstaða Persónuverndar var að aðilar að ágreiningsmáli hjá opinberri kærunefnd geta átt lögmætra hagsmuna að gæta af því að senda persónuupplýsingar um málsaðila til nefndarinnar sem hluta rökstuðnings í máli. Miðlun sveitarfélagsins á heilsufarsupplýsingum barnsins til Úrskurðarnefndar um upplýsingamál samrýmdist því lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

### **Miðlun Íslandspósts ohf. á persónuupplýsingum**

Mál nr. 2021020477

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir miðlun persónuupplýsinga af hálfu Íslandspósts ohf. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að Íslandspóstur hefði tekið afrit af ökuskírteini kvartanda og miðlað því til Western Union. Niðurstaða Persónuverndar var að umkvörtunarefnið heyrði ekki undir ábyrgð Íslandspósts sem vinnsluaðila á persónuupplýsingum um kvartanda og að Íslandspóstur hefði ekki farið út fyrir heimild sína sem vinnsluaðili þegar afrit af ökuskírteini kvartanda var sent til WU. Samrýmdist vinnslan því lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

### **Vinnsla Miðflokksins á persónuupplýsingum**

Mál nr. 2022030675

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir öflun og skráningu netfangs á póstlista. Nánar tiltekið var kvartað yfir öflun og skráningu netfangs á póstlista af hálfu Miðflokksins en ágreiningur var um hvort flokkurinn hefði aflað upplýsinga um netfang kvartanda og skráð það með ólögmætum hætti á póstlista flokksins, þ.e. að kvartanda forspurðum. Niðurstaða Persónuverndar var að orð stæði gegn orði um það hvort sú vinnsla sem kvartað var yfir hefði farið fram. Ekki lá fyrir að vinnsla hefði átt sér stað á persónuupplýsingum

kvartanda hjá Miðflokksnum sem braut gegn rétti hans samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Taldi Persónuvernd ekki tilefni til þess að stofnunin beitti þeim valdheimildum, sem henni eru fengnar í lögum nr. 90/2018, til þess að rannsaka málið frekar.

### **Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu**

Mál nr. 2021081664

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir birtingu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu (LRH) á myndum af kvartanda í fjölmiðlum í tengslum við rannsókn sakamáls. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að lögreglan hefði með birtingunni gengið lengra en nauðsyn bar til vegna rannsóknar málsins. Niðurstaða Persónuverndar var að ekki hefði verið nauðsynlegt að birta myndir af kvartanda í fjölmiðlum þar sem ekki hefði verið fullreynt að ná fram þeim tilgangi sem að var stefnt, þ.e. að bera kennsl á kvartanda, með öðrum vægari leiðum. Vinnsla LRH á persónuupplýsingum um kvartanda samrýmdist því ekki lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi.

### **Afgreiðsla Hugarheims ehf. á aðgangsbæðni**

Mál nr. 2021040979

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir afgreiðslu á bæðni um aðgang að persónuupplýsingum. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að Hugarheimur ehf. hefði ekki afgreitt aðgangsbæðni kvartanda þrátt fyrir að hún hefði verið skýrt afmörkuð og í fullu samræmi við lög. Niðurstaða Persónuverndar var að afgreiðsla Hugarheims ehf. á aðgangsbæðni kvartanda samrýmdist ekki lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd lagði fyrir Hugarheim ehf. að taka aðgangsbæðnina til efnislegrar afgreiðslu.

### **Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Akureyrarbæjar**

Mál nr. 2022040715

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir birtingu kennitölu á miða með stöðumælasekt vegna stöðubrots. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að álagningarseðill vegna stöðubrots, þar sem fram kom kennitala kvartanda, hefði verið settur undir rúðupurrku á bifreið hans og upplýsingarnar þar með gerðar aðgengilegar óviðkomandi. Niðurstaða Persónuverndar var að vinnsla Akureyrarbæjar, sem fólst í birtingu á kennitölu kvartanda á álagningarseðli vegna stöðubrots, samrýmdist ekki lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd lagði

fyrir Akureyrarbæ að láta af birtingu kennitalna eigenda eða skráðra umráðamanna bifreiða á álagningarseðla vegna stöðubrota.

### **Synjun beiðni um endurupptöku máls**

Mál nr. 2022101809

Persónuvernd synjaði beiðni um endurupptöku máls nr. 2021040978 er varðaði afgreiðslu Landsbankans á aðgangsbéiðni kvartanda. Hafði kvartandi óskað eftir tilteknum tölvupóstsamskiptum starfsmanna bankans en það var mat Persónuverndar að sambærileg sjónarmið ættu við um umrædd tölvupóstsamskipti og gilda um meðferð einkatölvupósts starfsmanna sem tengjast ekki starfsemi vinnuveitenda. Niðurstaða Persónuverndar var að synja beiðni um endurupptöku málsins þar sem ekki fylgdu ný gögn eða nýjar upplýsingar um atvik málsins. Að mati Persónuverndar hafði ekkert komið fram í kjölfar uppkvaðningar úrskurðar í málinu sem benti til þess að úrskurðurinn hefði verið byggður á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik.

### **Vinnsla sveitarfélags á aðgangsbéiðni**

Mál nr. 2022040729

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir afgreiðslu [sveitarfélags] á aðgangsbéiðni. Aðgangsbéiðni kvartanda var lögð fram í tölvupósti og fylgt eftir með símtölum. Einnig var aðgangsbéiðninni fylgt eftir með tölvupóstsamskiptum við persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins. Niðurstaða Persónuverndar var að afgreiðsla [sveitarfélagsins] á aðgangsbéiðni kvartanda samrýmdist ekki lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd lagði fyrir [sveitarfélagið] að taka aðgangsbéiðni kvartanda til efnislegrar afgreiðslu.

### **Miðlun persónuupplýsinga úr vanskilaskrá**

Mál nr. 2022020371

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir miðlun upplýsinga um kvartanda úr vanskilaskrá Creditinfo Lánstrausts hf. Nánar tiltekið var kvartað yfir að tilteknum upplýsingum sem fengnar voru úr vanskilaskrá Creditinfo Lánstrausts hf. um kvartanda hefði verið miðlað til stjórnar fulltrúaráðs [X] og síðar framkvæmdastjóra [Y]. Niðurstaða Persónuverndar var að miðlun persónuupplýsinga til fyrrgreindra aðila samrýmdist ekki lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

### **Vinnsla persónuupplýsinga við greiningu á starfsumhverfi**

Mál nr. 2020092259

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga við greiningu á starfsumhverfi hjá vinnustaðnum X sem sálfræðistofan Y hafði umsjón með. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að X og Y hefðu ekki haft heimild fyrir vinnslunni og að kvartandi hefði ekki fengið fullnægjandi fræðslu um vinnsluna. Í málinu reyndi á hvort efni greiningarskýrslu hefði geymt persónuupplýsingar um kvartanda, þrátt fyrir að nafn hans kæmi ekki fram í henni. Taldi Persónuvernd þær upplýsingar sem fram komu í skýrslunni geta verið persónugreinanlegar um kvartanda, a.m.k. fyrir þá sem til starfsumhverfisins þekktu. Var því litið svo á að málið varðaði vinnslu persónuupplýsinga sem félli undir valdsvið Persónuverndar. Niðurstaða Persónuverndar var að vinnsla X og Y hefði verið nauðsynleg og farið fram á grundvelli heimildar í lögum. Þar sem mælt var fyrir um vinnsluna í lögum taldi Persónuvernd að X hefði ekki verið skylt að veita kvartanda fræðslu um vinnsluna þegar upplýsinga var aflað frá öðrum en kvartanda. Þá taldi Persónuvernd að X og Y hefðu uppfyllt skilyrði um gagnsæi við vinnsluna, vegna þeirra upplýsinga sem veittar voru kvartanda áður en vinnslan fór fram. Niðurstaða Persónuverndar var því að vinnsla X og Y á persónuupplýsingum um kvartanda samrýmdist lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

### **Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Varðar tryggingar hf.**

Mál nr. 2020123129

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga hjá Verði tryggingum hf. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að starfsmaður Varðar trygginga hf. hefði aflað upplýsinga frá mannauðsstjóra vinnuveitenda kvartanda með tölvupósti án samþykkis kvartanda, í tengslum við umsókn hans um slysabætur. Einnig var kvartað yfir miðlun starfsmanns Varðar trygginga hf. á heilsufarsupplýsingum kvartanda til mannauðsstjórans. Niðurstaða Persónuverndar var að vinnsla Varðar trygginga hf. á persónuupplýsingum kvartanda samrýmdist ekki lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga um fræðsluskyldu og gagnsæi.

### **Vinnsla persónuupplýsinga hjá Landspítalanum**

Mál nr. 2022091502 (44 kvartanir – vinnsla málanna var sameinuð undir máli nr. 2022091502) Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað

var yfir uppflettingu tiltekinna starfsmanna Landspítalans í sjúkraskrá kvartanda án heimildar. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að 44 þáverandi og núverandi starfsmenn Landspítalans hefðu ekki haft lagaheimild til að opna og kynna sér innihald sjúkraskrár kvartanda þar sem þeir hefðu ekki verið læknað kvartanda, hvorki fyrr né síðar, og hefðu aldrei hlúð að honum eða sinnt umönnunarstörfum í þágu hans. Niðurstaða Persónuverndar var að ekki lægi annað fyrir en að skoðun allra þeirra heilbrigðisstarfsmanna Landspítalans á sjúkraskrá kvartanda sem kvörtunum var beint að hefði verið liður í að veita kvartanda heilbrigðisþjónustu og að umræddir starfsmenn hefðu komið að meðferð kvartanda og þurft á sjúkraskráupplýsingum hans að halda vegna meðferðarinnar. Var því jafnframt Landspítalinn talinn ábyrgðaraðili þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem í því fólst.

### **Vinnsla persónuupplýsinga við starfslok af hálfu sveitarfélags**

Mál nr. 2022040727, 2022040728, 2022040730 og 2022040732 (vinnsla málanna var sameinuð undir máli nr. 2022040727)

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga [sveitarfélags] við starfslok. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að [sveitarfélagið] hefði ekki veitt kvartanda aðgang að vinnunetdrifum og tölvubúnaði sínum til þess að yfirfara og fjarlægja persónuleg gögn við uppsögn úr starfi. Einnig var kvartað yfir því að enn væri verið að móttaka tölvupóst í fjögur tiltekin pósthólf og kvartanda hefði ekki verið veitt færi á að setja sjálfvirka tölvupóstkveðju á þau. Niðurstaða Persónuverndar var að meðferð [sveitarfélagsins] á skráasvæði og tölvupósthólfum við starfslok kvartanda samrýmdist ekki lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd beindi þeim fyrir mælum til [sveitarfélagsins] að loka öllum tölvupósthólfum kvartanda og gefa honum kost á að yfirfara tölvubúnað og tölvupósthólf sín hjá [sveitarfélaginu] og, eftir atvikum, eyða eða áframsenda einkatölvupóst sinn sem hefði borist á netföng hans hjá sveitarfélaginu og önnur persónuleg gögn.

### **Vinnsla persónuupplýsinga starfsmanns lyfjaverslunar**

Mál nr. 2022030523

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir uppflettingu starfsmanns lyfjaverslunar á kennitölum í lyfjagagnagrunni án heimildar. Viðkomandi starfsmaður var talinn ábyrgðaraðili að umræddri vinnslu persónuupplýsinga. Gekkst starfsmaðurinn við því að hafa flett kennitölum

kvartanda upp í lyfseðla- og lyfjaávisanagátt án heimildar. Þegar af þeirri ástæðu var niðurstaða Persónuverndar að vinnslan hefði verið andstæð lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Hins vegar þótti ósannað að starfsmaðurinn hefði miðlað eða skýrt frá upplýsingum um kvartendur úr lyfseðla- og lyfjaávisanagátt eða á annan hátt brotið gegn þagnarskylduákvæði lyfjalaga. Þar sem ekki varð séð að starfsmaðurinn hefði starfs síns vegna þurft að hafa aðgang að lyfseðla- og lyfjaávisanagátt lyfjaverslunarinnar var jafnframt áréttað að ábyrgðaraðila ber að tryggja öryggi persónuupplýsinga en í því felst meðal annars að persónuupplýsingum sé leynt gagnvart óviðkomandi. Þar sem kvörtun málsins var aðeins beint að viðkomandi starfsmanni var ekki tekin afstaða til þess í úrskurðinum hvort lyfjaverslunin hefði farið að kröfum persónuverndarlöggjafarinnar, þar á meðal um öryggi persónuupplýsinga.

### **Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga um leikskólabarn af hálfu Reykjavíkurborgar**

Mál nr. 2022061098

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir söfnun og vinnslu persónuupplýsinga um barn af hálfu leikskóla í Reykjavíkurborg. Nánar tiltekið var kvartað yfir söfnun og vinnslu persónuupplýsinga barns, er vörðuðu hegðun, sjálfsmynd og félagsfærni þess, í gátlista við gerð hegðunarmats. Einnig var kvartað yfir því að vinnslan hefði farið fram án samþykkis, fræðslu eða vitundar foreldra barnsins. Niðurstaða Persónuverndar var að vinnsla Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum við gerð hegðunarmats fyrir barnið samrýmdist ekki lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Persónuvernd lagði fyrir Reykjavíkurborg að eyða umræddum gátlista og hegðunarmati er varðaði barn kvartanda.

### **Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu og ríkislögreglustjóra**

Mál nr. 2021051199

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við málsmeðferð Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu í umgengnismáli kvartanda hjá embættinu. Nánar tiltekið var kvartað yfir vinnslu embættisins við öflun upplýsinga um kvartanda í málaskrárkerfi ríkislögreglustjóra (LÖKE) og frekari vinnslu upplýsinganna hjá embættinu sem og miðlun ríkislögreglustjóra á málaskrá kvartanda úr LÖKE til Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Niðurstaða Persónuverndar var að vinnsla Sýslumannsins

á höfuðborgarsvæðinu á persónuupplýsingum kvartanda samrýmdist lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Miðlun ríkislögreglustjóra á persónuupplýsingum kvartanda var einnig talin samrýmast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

### **Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Sýslumannsins á Norðurlandi eystra og ríkislögreglustjóra**

Mál nr. 2021101923

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga í tengslum við málsmeðferð Sýslumannsins á Norðurlandi eystra í umgengnismáli kvartanda hjá embættinu. Nánar tiltekið var kvartað yfir vinnslu embættisins við öflun upplýsinga um kvartanda í málaskrárkerfi ríkislögreglustjóra (LÖKE) og frekari vinnslu upplýsinganna hjá embættinu sem og miðlun ríkislögreglustjóra á málaskrá kvartanda úr LÖKE til Sýslumannsins á Norðurlandi eystra. Niðurstaða Persónuverndar var sú að vinnsla Sýslumannsins á Norðurlandi eystra á persónuupplýsingum kvartanda samrýmdist lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Miðlun

ríkislögreglustjóra á persónuupplýsingum kvartanda var einnig talin samrýmast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

### **Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Landsbankans hf.**

Mál nr. 2021061295

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir skráningu kennitölu við reiðufjárviðskipti í útibúi Landsbankans hf. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að bankinn hefði krafist þess að fá kennitölu kvartanda þegar hann lagði inn reiðufé á bankareikning dóttur sinnar hjá útibúi bankans. Niðurstaða Persónuverndar var að vinnsla Landsbankans hf. á persónuupplýsingum samrýmdist lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

### **Meðferð tölvupósthólfs af hálfu vinnuveitanda við starfslok**

Mál nr. 2021122460

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu vinnuveitanda við starfslok. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að vinnuveitandi hefði ekki leyft



kvartanda að taka afrit af persónulegum gögnum í tölvupósthólfi sínu. Einnig laut kvörtun að því að vinnuveitandi hefði skoðað tölvupósthólf kvartanda og tekið afrit af öllum tölvupósti hans og gögnum. Fyrir lá að kvartandi hafði verið kærður til héraðssaksóknara vegna gruns um refsiverð brot í starfi. Taldi vinnuveitandi því nauðsynlegt að tryggja að öll tölvugögn væru fyrir hendi og því hefði verið tekið afrit af tölvupósti og gögnum kvartanda á vinnunetdrifi, án þess að gögnin hefðu verið skoðuð. Niðurstaða Persónuverndar var að vinnsla persónuupplýsinga um kvartanda væri heimil á grundvelli lögmætra hagsmuna vinnuveitandans sem vógu þyngra en hagsmunir og grundvallarréttindi og frelsi kvartanda. Auk þess var talið að vinnuveitanda hefði verið heimilt að takmarka rétt kvartanda til aðgangs að tölvupósthólfi sínu. Var það talið nauðsynlegt í þágu úrlausnar réttarágreinings og til að tryggja að einkaréttarlegum kröfum væri fullnægt. Var vinnslan því talin samrýmast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

### **Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Fiskistofu** Mál nr. 2021020374

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir rafrænu eftirliti af hálfu Fiskistofu. Nánar tiltekið var kvartað yfir myndatöku starfsmanns Fiskistofu sem beindi myndavél með sjónauka að kvartanda og starfsmönnum hans er þeir voru staddir um borð í fiskiskipi við veiðar utan almannafæris. Niðurstaða Persónuverndar var að ekki hefði verið um rafrænt eftirlit að ræða af hálfu Fiskistofu þar sem hvorki var um að ræða viðvarandi né endurtekið eftirlit. Öll vinnsla persónuupplýsinga þarf engu að síðu að fara eftir heimild í lögum en samkvæmt þeim lagaákvæðum sem í gildi voru þegar umrædd vinnsla persónuupplýsinga fór fram skyldi eftirlit Fiskistofu vera sinnt af eftirlitsmönnum í eigin persónu. Vinnsla Fiskistofu á persónuupplýsingum var því ekki talin samrýmast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Með hliðsjón af þeim breytingum sem orðið hafa á gildandi rétti og heimildum Fiskistofu til vinnslu persónuupplýsinga þótti ekki tilefni til að beina fyrirmælum til Fiskistofu í úrskurðinum.

### **Sekt á hendur Háskóla Íslands vegna rafrænnar vöktunar**

Mál nr. 2021020431  
Persónuvernd lagði stjórnvaldssekt, að upphæð 1.500.000 króna, á Háskóla Íslands vegna rafrænnar vöktunar. Kvartað var yfir eftirlitsmyndavélum innan og utan bygginga Háskóla Íslands og að engar merkingar væru sjáanlegar sem gæfu til

kynna að rafrænt eftirlit væri fyrir hendi. Einnig var kvartað yfir því að ekki hefði farið fram kynning á tilgangi, eðli, umfangi, vistun eða öðru sem laut að vöktuninni. Niðurstaða Persónuverndar var að merkingar og fræðsla Háskóla Íslands um rafræna vöktun í og við byggingar háskólans samrýmdist ekki lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Viss atriði voru metin Háskóla Íslands til málsbóta en í ljósi umfangs eftirlitsmyndavélakerfisins, fjölda hinna skráðu og tímalengd brots var hins vegar komist að þeirri niðurstöðu um sektarálagningu sem fyrr greinir.

### **Uppflettingar trúnaðarlæknis í sjúkraskrá** Mál nr. 2021122387

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir uppflettingu tiltekens læknis í sjúkraskrá kvartanda án heimildar. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að viðkomandi læknir hefði ekki haft heimild til að fletta upp í sjúkraskrá kvartanda í fjögur skipti á tímabilinu frá [dags.] til [dags.] þar sem hann hafði á þeim tíma ekki komið að meðferð kvartanda sem sjúklings. Fyrir lá að viðkomandi læknir gegndi störfum trúnaðarlæknis á vinnustað kvartanda og höfðu uppflettingarnar farið fram í tengslum við störf hans sem trúnaðarlæknir. Embætti landlæknis hafði áður komist að þeirri niðurstöðu að læknirinn hefði brotið gegn 13. gr. laga um sjúkraskrá, nr. 55/2009, í tilgreind fjögur skipti þegar hann fletti upp í sjúkraskrá kvartanda. Þá lá ekkert fyrir um að sérstök lagaheimild hefði staðið til aðgangs læknisins að sjúkraskrá kvartanda samkvæmt öðrum lögum. Enn fremur var talið að ekki hefði verið unnt að byggja vinnsluheimild á samþykki kvartanda fyrir uppflettingu í sjúkraskrá hans. Niðurstaða Persónuverndar var að læknirinn væri ábyrgðarmaður að vinnslu persónuupplýsinga þar sem hann hefði unnið með upplýsingarnar í eigin þágu. Einnig var það niðurstaða Persónuverndar að umrædd vinnsla á persónuupplýsingum um kvartanda samrýmdist ekki þágildandi lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

### **Skráning og vinnsla persónuupplýsinga hjá embætti landlæknis**

Mál nr. 2022111956  
Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir miðlun embættis landlæknis á persónuupplýsingum í minnisblaði til velferðarráðuneytisins, sem og höfnun embættisins á eyðingu minnisblaðsins. Niðurstaða Persónuverndar var að vinnsla embættis landlæknis á persónuupplýsingum um kvartanda hefði verið nauðsynleg við beitingu opinbers





valds og að embættinu væri óheimilt að eyða skjalinu úr málaskrá sinni samkvæmt reglum um opinber skjalasöfn. Þá var það jafnframt niðurstaða Persónuverndar að kvartandi hefði þegar fengið að leggja fram athugasemdir um þau atriði sem hann taldi ranglega skráð um hann og vinnslan því talin í samræmi við þágildandi lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

#### **Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu BYKO ehf.** Mál nr. 2022091432

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga viðskiptavinar BYKO ehf. við reiðufjárkaup. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að kvartandi hefði þurft að gefa upp kennitölu og framvísa persónuskilríkjum við reiðufjárviðskipti við BYKO ehf. Niðurstaða Persónuverndar var að vinnslan samrýmdist lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

#### **Rafræn vöktun af hálfu Íslandspósts** Mál nr. 2022050836

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir rafrænni vöktun Íslandspóst með notkun ökurita í bifreið sem kvartandi hafði afnot af í starfi hjá Íslandspósti. Gögn sem fengin voru úr ökuritanum voru síðar notuð sem uppsagnarástæða kvartanda úr starfi hjá félaginu. Niðurstaða Persónuverndar var að vinnsla Íslandspósts á persónuupplýsingum kvartanda í aðdraganda uppsagnar hans hefði ekki samrýmst upphaflegum tilgangi með notkun ökuritans. Þá var það jafnframt niðurstaða Persónuverndar að kvartandi hefði ekki fengið fræðslu um breyttan tilgang með notkun ökuritans áður en vinnslan átti sér stað. Notkun Íslandspósts á upplýsingum um kvartanda úr ökurita samrýmdist því ekki lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

#### **Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu ríkislögreglustjóra** Mál nr. 2022081290

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir því að ríkislögreglustjóri hefði flett kvartanda upp í málaskrá (LÖKE) í tilefni af umsókn hans um starf hjá Neyðarlínunni og miðlað upplýsingunum áfram til Neyðarlínunnar. Niðurstaða Persónuverndar var að vinnsla persónuupplýsinga af hálfu ríkislögreglustjóra hefði grundvallast á vinnsluheimild. Hins vegar gat ríkislögreglustjóri ekki sýnt fram á að kvartanda hefði verið veitt sérstök fræðsla um að slík upplýsingaöflun færi fram við umsókn um starf neyðarvarðar eða veitt fræðsla um hvað fælist í ferilskoðun hjá ríkislögreglustjóra. Niðurstaða Persónuverndar var því að skoðun ríkislögreglustjóra á persónuupplýsingum um kvartanda og miðlun þeirra til Neyðarlínunnar

samrýmdist ekki lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, um sanngjarna og gagnsæja vinnslu og fræðsluskyldu.

#### **Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu landskjörstjórnar og yfirkjörstjórnar Kópavogs vegna kosninga 2022** Mál nr. 2022050850

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu landskjörstjórnar og yfirkjörstjórnar Kópavogs vegna kosninga 2022. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að umboðsmönnum væri gert að bera skilríki með nafni þess stjórnmalaflokks sem viðkomandi umboðsmaður kæmi fram fyrir. Vinnsla á persónuupplýsingum um stjórnmalaskoðun kvartanda byggði á lagaheimild og var kvartandi fræddur um umrædda vinnslu persónuupplýsinga hans þegar óskað var eftir mynd af honum til notkunar við útgáfu skilríkjanna. Niðurstaða Persónuverndar var því að vinnslan samrýmdist lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

#### **Afgreiðsla Reykjavíkurborgar á aðgangsbeiðni einstaklings og varðveisla persónuupplýsinga** Mál nr. 2023030483

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir afgreiðslu Reykjavíkurborgar á aðgangsbeiðni kvartanda sem óskaði eftir afriti af starfsleyfisumsóknum sínum hjá borginni ásamt fylgigögnum yfir afmarkað tímabil. Þar sem borginni tókst ekki að staðsetja öll umbeðin gögn var jafnframt kvartað yfir öryggi persónuupplýsinganna í vörslu Reykjavíkurborgar. Í framkvæmd sinni hefur Persónuvernd litið svo á að réttur hins skráða til aðgangs að gögnum nái eingöngu til fyrirliggjandi persónuupplýsinga. Í ljósi þess að Reykjavíkurborg hafði ítrekað gert tilraun til að staðsetja umbeðin gögn og afhent þann hluta gagnanna sem lágu fyrir hjá sveitarfélaginu var það niðurstaða Persónuverndar að aðgangsbeiðni kvartanda hefði verið svarað og hún afgreidd með hliðsjón af þeirri takmörkun. Hins vegar taldi Persónuvernd í ljósi þess að hluti gagna kvartanda, sem m.a. innihéldu viðkvæmar persónuupplýsingar, hefði glatast í vörslu Reykjavíkurborgar að borgin hefði ekki tryggt öryggi persónuupplýsinga kvartanda með fullnægjandi hætti. Samrýmdist vinnslan því ekki lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

## **Birting textafærslu ásamt myndum úr skráum lögreglu á Facebook-síðu einstaklings**

Mál nr. 2021091877

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir birtingu á textafærslu ásamt ljósmyndum af málgögnum í sakamáli á Facebook-síðu einstaklings. Niðurstaða Persónuverndar var að textafærslan hefði falið í sér tjáningu ábyrgðaraðila á skoðunum hans og sannfæringu sem Persónuvernd væri ekki bær til að taka afstöðu til enda heyrði það undir dómstóla að skera úr um hvort sú tjáning nyti verndar 73. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944 og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Hins vegar hafi Persónuvernd litið svo á að þegar um væri að ræða birtingu eða aðra vinnslu upplýsinga sem sannreyna mætti með hlutlægum hætti, svo sem með uppfléttingu í skráum eða öðrum sambærilegum leiðum, væri um vinnslu persónuupplýsinga að ræða sem stofnunin væri bær til að úrskurða um. Hvað birtingu myndanna af skráum lögreglu varðaði, sem m.a. innihéldu viðkvæmar persónuupplýsingar, var það niðurstaða Persónuverndar að hagsmunir ábyrgðaraðila, sem var rannsókn sakamáls lögreglu óviðkomandi, hefðu ekki vegið þyngra en hagsmunir kvartanda af því að upplýsingarnar yrðu ekki birtar. Taldist birting myndanna úr skráum lögreglu því ekki samrýmast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

## **Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Faxaflóahafna sf.**

Mál nr. 2022101682

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir því að vinnuveitandi hefði veitt óviðkomandi starfsmanni fyrirtækis aðgang að uppsagnarbréfi kvartanda. Í málinu lá aðeins fyrir að starfsmaðurinn hefði verið upplýstur um það munnlega að kvartandi hefði sett fram ávirðingar á hendur honum í tölvupósti sem innhélt uppsögn úr starfi. Niðurstaða Persónuverndar var að ósannað þótti að átt hefði sér stað vinnsla persónuupplýsinga um kvartanda sem braut gegn lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

## **Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar og síðar Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála**

Mál nr. 2022101805

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu persónuupplýsinga af hálfu Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar og síðar Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála. Kvartað var yfir því að framangreindar stofnanir

hefðu hvorki haft heimild til rannsóknar né birtingar greinargerðar um tiltekið meðferðarheimili sem ekki væri lengur starfandi. Persónuvernd hefur almennt talið þörf á sérstakri lagaumgjörð um störf nefnda sem skipa á til þess að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila sem ekki eru lengur starfandi. Hefur sú leið verið talin best til þess fallin að tryggja að fullnægjandi heimild til vinnslu persónuupplýsinga sé til staðar samkvæmt persónuverndarlögum. Þegar heimild til vinnslu persónuupplýsinga er byggð á nauðsyn til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila eða vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds sem ábyrgðaraðili fer með verður vinnslan að byggja á skýrum lagagrundvelli. Almenn ákvæði um yfirstjórn ráðherra með stjórnvöldum, sem heyra undir málefna svið hans, eða almenn ákvæði um hlutverk ríkisstofnana verða þannig ekki talin nægilega skýr lagaheimild fyrir vinnslu persónuupplýsinga í þágu slíkra rannsókna. Niðurstaða Persónuverndar var að engin heimild hefði staðið til vinnslu persónuupplýsinga í þágu rannsóknar á viðkomandi meðferðarheimili. Þegar af þeirri ástæðu var það niðurstaða Persónuverndar að vinnslan samrýmdist ekki lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

## **Sekt á hendur Creditinfo Lánstrausti hf. vegna skráningar upplýsinga um vanskil lána sem veitt voru af eCommerce 2020 ApS**

Mál nr. 2020061901

Persónuvernd úrskurðaði í máli vegna kvörtunar frá Neytendasamtökunum yfir fjárhagsupplýsingastofunni Creditinfo Lánstrausti hf., en kvartað var yfir skráningu stofunnar á upplýsingum frá eCommerce 2020 ApS um vanskil á svonefndum smálánum. Í úrskurðinum komst Persónuvernd að niðurstöðu um álagningu stjórnvaldssektar á Creditinfo Lánstraust hf., að upphæð 37.856.900 krónur þar sem upplýsingar hefðu verið teknar á skrá án þess að skráningarskilyrðum væri fullnægt. Byggt var á því að á fjárhagsupplýsingastofunni hefði hvílt skylda til könnunar á því atriði og að þeirri skylda hefði ekki verið nægilega sinnt. Einnig var litið til fjölda hinna skráðu, þess að vinnslan tengdist kjarnastarfsemi stofunnar, þess að starfseminni var ætlað að skila hagnaði, tafar á eyðingu skráninga eftir að misbrestur á skráningarskilyrðum kom í ljós, svo og hins sérlega íþyngjandi eðlis vinnslunnar, m.a. í tengslum við möguleika hinna skráðu á lánaþyrirgreiðslu vegna íbúðakaupa eða ófyrirséðra útgjalda. Jafnframt var vísað til þess að skoðun, sem stofan gerði á umræddum

skráningum, fór ekki fram fyrir en að fengnum ábendingum utanaðkomandi, en jafnframt var þó tekið tillit til þess að með skoðuninni var brugðist við ábendingunum af sjálfsdáðum þannig að skráningum var að endingu eytt. Með vísan til framangreinds og annars þess sem á reyndi í málinu var komist að niðurstöðu um áðurnefnda sektarfjárhæð en hún nam 2,5% af ársveltu Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt síðasta ársreikningi.

### **Vinnsla fyrirtækis á persónuupplýsingum úr tölvupósthólfi og af reikningi skjalavistunarbjónustu starfsmanns fyrir, við og eftir starfslok**

Mál nr. 2021061333

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir vinnslu fyrirtækis á persónuupplýsingum. Nánar tiltekið var kvartað yfir meðferð tölvupósthólfs kvartanda við starfslok, þar sem honum var ekki veitt tækifæri til að eyða einkagögnum úr tölvupósthólfinu eða af reikningi skjalavistunarbjónustu fyrirtækisins. Einnig var kvartað yfir skoðun fyrirtækisins á persónuupplýsingum kvartanda af reikningunum og miðlun þeirra til lögreglu án samþykkis eða vitundar hans. Meðal gagnanna sem var miðlað voru viðkvæmar persónuupplýsingar og upplýsingar um mögulega refsiverða háttsemi kvartanda. Niðurstaða Persónuverndar var að meðferð á tölvupósthólfi kvartanda og reikningi skjalavistunarbjónustunnar við starfslok hans samrýmdist ekki lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þá var það mat Persónuverndar að skoðun fyrirtækisins á persónuupplýsingum kvartanda í tölvupósthólfi hans og á reikningi í skjapjónustu hefði ekki samrýmst lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga en miðlun þeirra til lögreglu og embættis héraðssaksóknara hins vegar talin samrýmast lögnum.

### **Afgreiðsla Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á beiðni um eyðingu persónuupplýsinga**

Mál nr. 2021091751

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir því að Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefði varðveitt persónuupplýsingar kvartanda eftir að rannsókn á hendur honum hjá embættinu var felld niður. Nánar tiltekið var kvartað yfir því að kvartandi hefði þurft að óska eftir því að persónuupplýsingum um hann, sem hefðu verið rannsókninni óviðkomandi, yrði eytt í stað þess að þeim hefði verið eytt að frumkvæði lögregluembættisins. Auk þess hefði beiðnum hans

um eyðingu upplýsinganna ekki verið svarað innan tilhlýðilegs tíma. Fyrir lá að persónuupplýsingum um kvartanda sem ekki voru hluti af rannsókn málsins var eytt að beiðni saksóknara tveimur og hálfum mánuði eftir að rannsókn málsins lauk. Þá var kvartanda tilkynnt um það með bréfi að beiðni hans um eyðingu gagna hefði verið synjað að hluta sem og um ástæðu þess. Niðurstaða Persónuverndar var að varðveisla Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á persónuupplýsingum kvartanda og afgreiðsla á beiðni hans um eyðingu persónuupplýsinga samrýmdist lögum um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi.

### **Vinnsla Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum í tengslum við starfsleyfi og miðlun borgarlögmans á hluta þeirra til lögmans og matsmanna vegna dómsmáls**

Mál nr. 2022050993

Persónuvernd úrskurðaði í máli þar sem kvartað var yfir afhendingu á viðkvæmum persónuupplýsingum kvartanda, sem unnið hafði verið með hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, milli sviða borgarinnar og til borgarlögmans í tengslum við endurnýjun starfsleyfis fyrir daggæslu í heimahúsi annars vegar. Hins vegar yfir miðlun borgarlögmans á viðkvæmum persónuupplýsingum til lögmans kvartanda og dómkvaddra matsmanna í tengslum við skaðabótamál sem kvartandi höfðaði gegn Reykjavíkurborg vegna vinnuslyss. Persónuvernd komst að þeirri niðurstöðu að vinnsla Reykjavíkurborgar í tengslum við starfsleyfisumsókn kvartanda hjá borginni, þ. á m. afhending læknisvottorðs til borgarlögmans vegna lögfræðimats sem skóla- og frístundasvið óskaði eftir, samrýmdist lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Þá komst Persónuvernd að þeirri niðurstöðu að hagsmunir Reykjavíkurborgar hefðu vegið þyngra af því að miðla læknisvottorðum til lögmans kvartanda og hinna dómkvöddu matsmanna, en hagsmunir og grundvallarréttindi og frelsi kvartanda af því að miðlunin færi ekki fram. Persónuvernd komst því að þeirri niðurstöðu að miðlun gagnanna samrýmdist lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.





# Álit, umsagnir, erindi og fleira

## Álit á miðlun viðgerðarsögu bifreiða

Mál nr. 2021112202

Persónuvernd veitti Autoledger ehf. álit á því hvort afhending á upplýsingum um viðgerðar- og þjónustusögu bifreiða, þ.e. upplýsingar um viðgerðir og þjónustu sem bifreið hefði hlotið í tíð fyrri eigenda, gæti stuðst við heimildir samkvæmt persónuverndarlöggjöfinni. Í álitinu kom m.a. fram að upplýsingar um ástand tiltekinnar bifreiðar gætu einar og sér ekki talist til persónuupplýsinga. Hins vegar væri til þess að líta að með hliðsjón af skráningu á nafni eiganda og, eftir atvikum, nafni umráðamanns ökutækis í ökutækjaskrá, geti verið verið mögulegt að tengja upplýsingar um viðgerðar- og þjónustusögu bifreiðar óbeint til einstaklings, þ.e. eiganda eða umráðamanns hennar. Í álitinu var komist að þeirri niðurstöðu að heimilt gæti verið að afhenda upplýsingar um viðgerðar- og þjónustusögu bifreiða ef samþykki þess sem upplýsingarnar varðaði lægi fyrir. Einnig gæti eigandi bifreiðar haft lögmæta hagsmuni af því að afla upplýsinga um þjónustu- og viðgerðarsögu bifreiðar í sinni eigu, s.s. í þeim tilgangi að leggja mat á nauðsynlegt viðhald eða viðgerð sem bifreiðin þarfnast eða til að meta hvort bifreiðin væri gölluð, með hliðsjón af ákvæðum laga um lausafjárkaup, nr. 50/2000, og laga um neytendakaup, nr. 48/2003. Jafnframt gæti miðlun upplýsinga um viðgerðar- og þjónustusögu bifreiðar verið nauðsynleg í þágu þeirra hagsmuna. Fram kom að almennt yrði talið að hagsmunir eiganda bifreiðar af því að fá umræddar upplýsingar vægju þyngra en hagsmunir eða grundvallarréttindi og frelsi hins skráða. Athygli var vakin á því að ábyrgðaraðila bæri þó ávallt að framkvæma slíkt mat með hliðsjón af þeim aðstæðum sem lægju fyrir hverju sinni.

## Álit um heimild til birtingar netfanga

Mál nr. 2023020361

Persónuvernd veitti Advania Ísland ehf. álit varðandi heimild félagsins til birtingar netfanga og símanúmera notenda Signet-þjónustunnar. Með úrskurði Persónuverndar í máli nr. 2021101924 var Advania gert að stöðva birtingu á netföngum notenda Signet-þjónustunnar þar sem vinnslan var ekki talin samrýmast ákvæðum laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. reglugerð (ESB) 2016/679. Í úrskurðinum var þó tekið fram að Advania kynni að vera heimilt að birta netföng notenda á ný ef vinnslan yrði færð til

samræmis við ákvæði laganna og reglugerðarinnar. Í erindi Advania og fylgigögnum þess var því lýst hvernig félagið hugðist fá samþykki notenda Signet-þjónustunnar fyrir vinnslu persónuupplýsinga. Í álitinu var komist að þeirri niðurstöðu að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum yrði talið að samþykki notanda fyrir birtingu netfangs og/eða símanúmers yrði valkvæð, sérgreind, upplýst og ótvíræð viljayfirlýsing hins skráða og uppfyllt væru þau skilyrði samþykkis sem fram kæmu í 10. gr. laga nr. 90/2018, sbr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679. Að svo stöddu, og með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum, væri það því mat Persónuverndar að ekki væri ástæða til að ætla að vinnslan bryti í bága við ákvæði laganna og reglugerðarinnar. Hins vegar var jafnframt tekið fram að ekki væri um endanlega, bindandi afstöðu Persónuverndar til þeirra álitaefna sem reynt gæti á í tengslum við umrædd samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga.

## Álit um nafnbirtingu heimildarmanna

Mál nr. 2023040700


Persónuvernd veitti Tryggingastofnun álit á því að hvaða leyti og með hvaða hætti Tryggingastofnun bæri að upplýsa þá einstaklinga sem eftirlit beinist að, á grundvelli laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, um nöfn þeirra sem senda stofnuninni ábendingu. Í álitinu var komist að þeirri niðurstöðu að Tryggingastofnun gæti verið það skylt, samkvæmt 2. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, sbr. 17. gr. laga nr. 90/2018, að veita hinum skráða, að eigin frumkvæði, upplýsingar um hvaðan persónuupplýsingar hans væru fengnar ef það teldist nauðsynlegt til að tryggja sanngjarna og gagnsæja vinnslu gagnvart hinum skráða. Þá gæti hinn skráði jafnframt krafist þess að Tryggingastofnun veitti honum upplýsingar um uppruna þeirra persónuupplýsinga hans sem unnið væri með, þ.m.t. nafn þess sem hefur sent inn ábendingar um hann, í samræmi við 15. gr. reglugerðarinnar, sbr. 17. gr. laganna. Þá var í álitinu einnig farið yfir að hins vegar gæti þurft að gera undantekningu á réttindum hins skráða samkvæmt framangreindu með vísan til brýnna hagsmuna annarra sem tengjast upplýsingunum, þ.m.t. þeirra sem veittu upplýsingarnar. Þá var talið ljóst að Tryggingastofnun gæti ekki gefið þeim, sem veita upplýsingar um aðra einstaklinga, fyrirheit um nafnleynd án fyrirvara um það hagsmunamat sem þyrfti að fara fram, í hverju tilviki fyrir sig.



## Álit um upplýsingaöflun Útlendingastofnunar fyrir hönd Hagstofu Íslands

Mál nr. 2023081325

Persónuvernd veitti Útlendingastofnun álit á hvort Hagstofa Íslands geti krafð stofnunina um að safna upplýsingum um einstaklinga, umfram það sem nauðsynlegt er fyrir Útlendingastofnun, þar sem Hagstofa Íslands telur upplýsingarnar nauðsynlegar við hagskýrslugerð. Í álitinu var komist að þeirri niðurstöðu að Hagstofan geti farið fram á það við ríkisstofnanir að þær afli viðbótarupplýsinga ef þær teljast nauðsynlegar til hagskýrslugerðar og ef beiðni þar að lútandi er innan skynsamlegra marka hvað varðar fyrirhöfn og kostnað.





# Netumferðarskólinn

Á alþjóðlega netöryggisdeginum, 7. febrúar 2023, tilkynnti Persónuvernd um væntanlegt fræðsluáttak um mikilvægi persónuverndar og miðlalæsis sem hluta af netöryggi barna í stafrænni tilveru. Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið veitti Persónuvernd 10 milljón króna styrk til að hrinda af stað tímabundnu fræðsluáttaki sem hluta af aðgerðaáætlun stjórnvalda í netöryggi 2022-2027.

Verkefnið er samstarfsverkefni Persónuverndar og Fjölmíðlanefndar og fékk það heitið Netumferðarskólinn. Efnistökin eru netöryggi og samfélagsmiðlar, mynddeilingar og samþykki, algóritmar og samskipti á netinu, persónuupplýsingar og stafræn fótspor auk miðlalæsis og gagnrýnnar hugsunar.

Haustið 2023 fór Netumferðarskólinn vítt og breitt um landið með fræðsluerindi fyrir börn í 4.-7. bekk grunnskóla, kennara og foreldra. Fræðsluerindi fyrir börnin voru blanda af fyrirlestri, hópverkefni og samtali við börnin þar sem áherslan var á vitundarvakningu, hugtakaskilning og valdeflingu. Í lok fræðslunnar fengu börnin sjálf að segja sína skoðun.

Heimsóttir voru 32 skólar í 24 bæjarfélögum og náði erindið til 2.423 barna, að stærstum hluta á landsbyggðinni. Börnin tóku fræðslunni sérstaklega vel og þrátt fyrir flókin og erfið hugtök sem efnistökin fela í sér voru þau mjög móttækileg fyrir fræðslu af þessu tagi.

Þar sem því var við komið fengu kennarar og aðrir starfsmenn skólanna einnig kynningu á verkefninu og hlýddu á fræðsluerindi um persónuvernd í skólastarfi. Jafnframt var foreldrum boðið upp á fræðslu um miðlanotkun barna og ungmenna og rætt um gagnleg úrræði fyrir foreldra til að styðja við börnin í netumferðinni.

Viðtökurnar við fræðsluáttakinu voru frábærar og ljóst að mikil þörf er á fræðslu sem þessari í grunnskóla landsins en ekki náðist að mæta eftirspurn eftir heimsóknum. Til að tryggja að það efni sem útbúið var í tengslum við Netumferðarskólann verði aðgengilegt öllum skólum landsins er stefnt á opnun vefsíðunnar [www.netumferdarskolinn.is](http://www.netumferdarskolinn.is) fyrri hluta árs 2024. Á vefsíðunni verða myndbönd og stuðningsefni fyrir kennara um þau efnistökin sem Netumferðarskólinn fjallaði um.



Við undirritun samnings þann 2. febrúar 2023. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar.



NESSKÓLI  
MMXX

Andri  
Arnar  
Matti  
Villi



# Netumferðarskólinn

PERSÓNU  
VERND  
FJÓLVIÐLAEGINGARSTOFU  
RÁÐGAFINGARSTOFU



# Erlent samstarf

Á árinu 2023 var erlent samstarf Persónuverndar að miklu leyti komið í fyrra horf frá því fyrir heimsfaraldurinn sem gerði starfsmönnum kleyft að sækja fleiri fundi og viðburði erlendis. Notkun fjarfundabúnaðar hefur þó aukist til muna sem veitir Persónuverndar aukin tækifæri til þátttöku í erlendu samstarfi.

## Samstarf norrænna persónuverndarstofnana

Norrænu persónuverndarstofnanirnar hafa lengi haft með sér samvinnu á sviði persónuverndar meðal annars með því að vinna saman að stefnumótun á sviði eftirlitsaðgerða og deila þekkingu og reynslu á milli stofnananna.

## Fundur norrænna persónuverndarstofnana

Sameiginlegur árlegur fundur norrænna persónuverndarstofnana var haldinn á Fosshótel Reykjavík dagana 14.-16. maí. Fundinn sóttu forstjórar norrænu persónuverndarstofnananna ásamt lögfræðingum, eftirlitsmönnum og upplýsingatæknisérfræðingum hversrar stofnunar. Flestir starfsmenn Persónuverndar sóttu fundinn. Þá var fundargestum boðið í skoðunarferð um Þingvelli að loknum fundi og var mikil ánægja með þá ferð.

Á fundinum fóru fram hnitmiðaðar umræður um sameiginleg áform um eftirlit og upplýsingaskipti ásamt aukinni samvinnu norrænu persónuverndarstofnananna. Á fundinum undirrituðu forstjórar norrænu persónuverndarstofnananna svokallaða Reykjavíkuryfirlýsingu um áframhaldandi samstarf. Tilgangur yfirlýsingarinnar er að styrkja enn frekar norræna samvinnu.



## Heimsókn til danska persónuupplýsingaeftirlitsins

Fjórir fulltrúar Persónuverndar, ásamt fulltrúum norska eftirlitsins, heimsóttu dönsku persónuverndarstofnunina föstudaginn 22. september 2023. Tilgangur heimsóknarinnar var fyrst og fremst að kynna þeirri aðferðarfræði dönsku stofnunarinnar sem hefur skilað árangri við að einfalda og hraða málsmeðferð. Í heimsókninni var starfsemi dönsku stofnunarinnar kynnt, þ. á m. meðferð kvörtunarmála og tilkynninga um öryggisbresti. Rekstrarstjóri Persónuverndar kynnti einnig aðferð við að kostnaðarmeta mál sem eru til meðferðar hjá stofnuninni og fulltrúi norsku persónuverndarstofnunarinnar kynnti árangur af því að beina samskiptum við almenna borgara úr rafrænum samskiptum í símtöl.

## Framhaldsfundur norrænna persónuverndarstofnana

Í kjölfar árlegs fundar norrænu persónuverndarstofnananna var haldinn framhaldsfundur fyrir forstjóra þeirra og helstu sérfræðinga. Fundurinn var haldinn í sendiráði Íslands í Brussel og honum stýrði forstjóri Persónuverndar auk sviðsstjóra eftirlits. Rætt var um afgreiðslu kvörtunarmála, gervigreind og ýmis önnur viðfangsefni stofnananna. Þá komu tveir fulltrúar frá frönsku persónuverndarstofnuninni og héldu erindi um persónuvernd og gervigreind.





## Evrópskt samstarf

### Starf Evrópska persónuverndarráðsins

Evrópska persónuverndarráðið (EDPB) er sjálfstæð stofnun innan Evrópusambandsins sem komið var á fót með almennu persónuverndarreglugerðinni (GDPR), sem tók gildi 25. maí 2018. Ráðinu er ætlað að stuðla að samræmdri beitingu persónuverndarreglna á Evrópska efnahagssvæðinu og samvinnu á milli persónuverndarstofnana svæðisins. Persónuvernd á sæti í ráðinu.

Evrópska persónuverndarráðið hélt 15 fundi á árinu 2023. Voru níu fundir haldnir með notkun fjarfundabúnaðar, fimm fóru fram í Brussel og einn fór fram hvoru tveggja með staðfundi og fjarfundabúnaði. Fundirnir voru sóttir af sviðsstjórum Persónuverndar.

Á fundi ráðsins þann 24.-25. maí í Brussel fór fram kjör á nýjum formanni ráðsins. Anu Talus (Finnlandi) var kjörin formaður til næstu fimm ára, en hún tók við af Andreu Jelinek (Austurríki) sem sinnt hafði formannsstörfum frá því að ráðið tók fyrst til starfa 25. maí 2018.

Á árinu var samþykktur fjöldi leiðbeininga, álita, tilmæla og ákvarðana í ráðinu. Lista yfir öll skjöl sem samþykkt voru má finna á vefsíðu ráðsins [https://edpb.europa.eu/edpb\\_en](https://edpb.europa.eu/edpb_en).

### Þátttaka í sérfræðingahópum Evrópska persónuverndarráðsins

Evrópska persónuverndarráðið starfrækir fjölda sérfræðingahópa (e. Expert Subgroups) sem fjalla um vinnslu persónuupplýsinga á afmörkuðum sviðum og önnur sameiginleg málefni persónuverndarstofnana sem eiga aðild að ráðinu. Á vettvangi þessara sérfræðingahópa er meðal annars unnið að undirbúningi mála sem tekin eru fyrir á fundum ráðsins, svo sem leiðbeininga og álita, og önnur sameiginleg málefni rædd.

Persónuvernd tekur þátt í undirhópum ráðsins enda er þátttaka í starfi ráðsins grundvallaratriði í að tryggja samræmda túlkun ákvæða persónuverndarlöggjafarinnar á Evrópska efnahagssvæðinu. Aukin notkun fjarfundabúnaðar hefur gert stofnuninni auðveldara að taka þátt í starfi ráðsins. Bæði lögfræðingar og sérfræðingur í upplýsingatækni sækja fundi í sérfræðingahópunum.

Á árinu 2023 tók Persónuvernd þátt í starfi nokkurra sérfræðingahópa innan Evrópska persónuverndarráðsins og er gerð nánari grein fyrir starfi þeirra hér á eftir.

### Sérfræðingahópur EDPB um lykilákvæði persónuverndarreglugerðarinnar

Á árinu voru haldnir 8 fundir í sérfræðingahópi um lykilákvæði almennu persónuverndarreglugerðarinnar (e. Key Provisions Expert Subgroup). Verkefni hópsins lúta einkum að gerð leiðbeininga um helstu ákvæði persónuverndarreglugerðarinnar í því skyni að tryggja samræmda túlkun á Evrópska efnahagssvæðinu.

### Sérfræðingahópur EDPB um framkvæmd persónuverndarlöggjafarinnar

Sérfræðingahópur um framkvæmd persónuverndarlöggjafarinnar (e. Enforcement Expert Subgroup) fundaði 18 sinnum á árinu 2023, ýmist sjálfstætt eða með öðrum undirhópum EDPB. Hópnum er meðal annars ætlað að greina þörf á leiðbeiningum og skýringum á ákvæðum löggjafarinnar, fylgjast með eftirlitsaðgerðum persónuverndarstofnana, koma að bindandi ákvörðunum EDPB og þróa og leggja til stefnu um framkvæmd löggjafarinnar.

### **Sérfræðingahópur EDPB um flutning persónuupplýsinga milli landa**

Sérfræðingahópur um flutning persónuupplýsinga milli landa (e. International Transfer Expert Subgroup) fundaði 11 sinnum á árinu. Hópurinn afgreiðir einstök mál, svo sem bindandi fyrirtækjareglur (e. Binding Corporate Rules), undirbúning ákvarðana Evrópska persónuverndarráðsins og stefnumótun í málaflokknum almennt.

### **Sérfræðingahópur EDPB um reglufylgni, stafræna stjórnsýslu og heilbrigðismál**

Á árinu voru haldnir 13 fundir í sérfræðingahópi um reglufylgni, stafræna stjórnsýslu og heilbrigðismál (e. Compliance, E-Government and Health Expert Subgroup). Hópurinn sér um afgreiðslu einstakra mála, svo sem vottana vegna háttnerisreglna, samræmingu viðbragða í einstaka málum, undirbúning ákvarðana Evrópska persónuverndarráðsins og stefnumótun í málaflokknum almennt. Meðal annars var unnið að leiðbeiningum vegna vísindarannsókna á heilbrigðissviði, en fulltrúar Persónuverndar höfðu beina aðkomu að þeirri vinnu.

### **Sérfræðingahópur EDPB um samvinnu**

Sérfræðingahópur um samvinnu (e. Cooperation Expert subgroup) fundaði 14 sinnum á árinu. Helstu áherslur hópsins eru að stuðla með almennum hætti að skilvirku samstarfi milli aðildarríkja til að tryggja samræmingu í beitingu almennu persónuverndarreglugerðarinnar. Verkefni hópsins lúta einna helst að því að vinna í sameiningu að markmiðum um einsleita málsmeðferð í málum sem varða vinnslu persónuupplýsinga yfir landamæri og um samræmingu í afgreiðslu mála sem varða vinnslu persónuupplýsinga utan Evrópu. Þá vinnur hópurinn að gagnkvæmri aðstoð á alþjóðlegum vettvangi til að tryggja framfylgni við persónuverndarreglugerðina.

### **Sérfræðingahópur EDPB um upplýsingatækni**

Sérfræðingahópur um upplýsingatækni (e. Technology Expert Subgroup) fundaði 11 sinnum á árinu. Meðal annars var unnið að málum tengdum net- og upplýsingaöryggi, vinnslu persónuupplýsinga hjá samfélagsmiðlum og í upplýsingasamfélaginu almennt, t.a.m. í þágu markaðssetningar.

### **Stefnumótandi sérfræðingahópur EDPB**

Á árinu voru haldnir 13 fundir í stefnumótandi sérfræðingahópi (e. Strategic Advisory Expert Subgroup). Hópurinn undirbýr stefnumótandi ákvarðanir sem varða Evrópska persónuverndarráðið áður en þær eru lagðar fyrir ráðið til ákvörðunar. Einnig eru ræddar og teknar ákvarðanir í málum sem vísað er til hópsins frá öðrum sérfræðingahópum.

### **Aðrir sérfræðingahópar EDPB**

Persónuvernd fylgist með helstu málefnum hjá flestum undirhópum Evrópska persónuverndarráðsins en hefur ekki tök á því að taka beinan þátt í þeim öllum. Eftirtaldir sérfræðingahópar eru, auk þeirra sem Persónuvernd tekur beinan þátt í, einnig starfræktir á vegum ráðsins.

Sérfræðingahópur EDPB um löggæslu, landamæri og farþegaupplýsingar (e. Borders, Travel and Law Enforcement Expert Subgroup)

Sérfræðingahópur EDPB um fjárhagsleg málefni (e. Financial Matters Expert Subgroup)

Sérfræðingahópur EDPB um samfélagsmiðla (e. Social Media Expert Subgroup)

Sérfræðingahópur EDPB um upplýsingakerfi (e. IT Users Expert Subgroup)

### **Pátttaka í vinnuhópum Evrópska persónuverndarráðsins**

Á vettvangi Evrópska persónuverndarráðsins eru starfræktir nokkrir tímabundnir vinnuhópar (e. taskforces) þar sem fjallað er um afmörkuð málefni í hverjum hópi, m.a. vinnuhópur um sektir (e. Fining-TF) og vinnuhópur um samræmdar eftirlitsaðgerðir persónuverndarstofnana á Evrópska efnahagssvæðinu (e. Coordinated Enforcement Framework). Persónuvernd tekur þátt í nokkrum vinnuhópum.

### **Samráðshópur persónuverndarfulltrúa persónuverndarstofnana**

Á vegum Evrópska persónuverndarráðsins starfar samráðshópur persónuverndarfulltrúa persónuverndarstofnana (e. EDPB Data Protection Officer Network). Samstarfinu er ætlað að auka upplýsingaflæði milli persónuverndarfulltrúa og stuðla þannig meðal annars að betri upplýsingaskiptum og einsleitni í framkvæmd persónuverndarlöggjafarinnar.

### **Pátttaka í eftirlitsnefnd um umfangsmikil upplýsingakerfi á vegum Evrópusambandsins**

Á vegum Evrópska persónuverndarráðsins voru haldnir fundir eftirlitsnefndar sem hefur það hlutverk að hafa eftirlit með meðferð persónuupplýsinga í umfangsmiklum upplýsingakerfum á vegum Evrópusambandsins (e. Coordinated Supervision Committee). Kerfi sem nefndin hefur eftirlit með eru IMI, SIS, Eurojust, EPPO og Europol, og situr Persónuvernd þá fundi sem varða IMI og SIS. Fyrirhugað er að nefndin taki á næstu árum við eftirliti með VIS, EURODAC, ETIAS o.fl. Haldnir voru tveir fundir á árinu.

### **Samstarf á vegum Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar tengt Schengen-upplýsingakerfinu, VIS-gagnagrunninum og Eurodac-fingrafakerfinu**

Á vegum Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar (EDPS – European Data Protection Supervisor) voru haldnir fundir nefndar sem hefur eftirlit með meðferð persónuupplýsinga í Schengen-upplýsingakerfinu (e. Schengen Information System II Supervision Coordination Group). Í nefndinni eru fulltrúar frá persónuverndarstofnunum viðkomandi ríkja og samhæfa þeir eftirlit sitt á umræddum fundum. Haldnir voru tveir fundir á árinu.

Einnig eru á vegum EDPS haldnir fundir nefndar til samræmingar á eftirliti með VIS-gagnagrunninum (e. VIS Supervision Coordination Group). VIS stendur fyrir „Visa Information System“, en þar er um að ræða tölvakerfi með margvíslegum upplýsingum um þá sem sækja um vegabréfsáritun í einhverju aðildarríkja Schengen, þ. á m. fingraförum viðkomandi og ljósmyndum. Í nefndinni eru fulltrúar frá persónuverndarstofnunum viðkomandi ríkja. Haldnir voru tveir fundir á árinu.

Að auki eru á vegum EDPS haldnir fundir nefndar sem hefur eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga í Eurodac-fingrafakerfinu (e. EURODAC Supervision Coordination Group). Í kerfið eru skráðar upplýsingar um fingraför umsækjenda um alþjóðlega vernd, þeirra sem dvelja ólöglega í aðildarríki eða koma ólöglega yfir landamæri og er ekki vísað frá. Gagnagrunnurinn er notaður til að auðkenna viðkomandi einstaklinga í tengslum við framkvæmd Dyflinnarreglugerðarinnar sem fjallar um ákvarðanir er lúta að því hvaða aðildarríki fari með tiltekna hælisumsóknir. Haldnir voru tveir fundir á árinu.

### **Schengen-mat á Lettlandi**

Aðildarríki Schengen sæta reglulega mati á því hvernig þau standa við lögbundnar skuldbindingar sínar, meðal annars á sviði persónuverndar í Schengen-upplýsingakerfinu (SIS II) og gagnagrunni fyrir vegabréfsáritanir (VIS).

Frankvæmdastjórn ESB og önnur aðildarríki framkvæma matið. Persónuvernd hefur undanfarin ár tilnefnt sérfræðinga á sviði persónuverndarréttar til þátttöku í verkefnum af þessum toga fyrir Íslands hönd. Árið 2023 tók sérfræðingur Persónuverndar þátt í mati á Lettlandi. Skýrsla um matið er væntanleg.

### Ráðstefnur, námskeið og aðrir viðburðir á erlendum vettvangi

Námskeið í aðferðarfræði úttekta

Í febrúar sendi Persónuvernd fulltrúa á námskeið hjá norsku

persónuverndarstofnuninni (Datatilsynet) um aðferðarfræði við framkvæmd úttekta.

### IAPP – Global Privacy Summit 2023-ráðstefnan



Ráðstefnan IAPP – Global Privacy Summit 2023 var haldin í Washington dagana 3.-5. apríl. Er þetta stærsta ráðstefna persónuverndarsérfræðinga sem haldin er ár hvert af alþjóðlegum samtökum persónuverndarsérfræðinga (IAPP, The International Association of Privacy Professionals). Á ráðstefnunni var boðið upp á fjölmarga fyrirlestra þar sem fjallað var um nýjustu strauma og stefnur á sviði tæknimála og persónuverndar. Tveir sviðsstjórar Persónuverndar sóttu ráðstefnuna og jafnframt sóttu þeir sérstakan fræðsludag sem haldinn var fyrir persónuverndarstofnanir víðs vegar úr heiminum.

### Privacy Symposium-ráðstefnan

Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, flutti erindi og tók þátt í pallborðsumræðum á Privacy Symposium-ráðstefnunni í Feneýjum sem fór fram dagana 17.-21. apríl. Í pallborðinu voru jafnframt fulltrúar frá Finnlandi, Ítalíu, Sviss, Marokkó og Senegal. Umfjöllunarefnið var Evrópuráðssamningur nr. 108+ en yfirskrift málstofunnar var Lærdómur og ráðleggingar frá aðildarríkjum (Convention 108: Lessons Learned and Advices from Ratifying Countries). Ráðstefnuna sótti einnig sviðsstjóri eftirlits hjá Persónuvernd.



### **31. alþjóðlega vorráðstefna evrópskra persónuverndarstofnana (Spring Conference of European Data Protection Authorities)**

Dagana 10.- 12. maí var 31. alþjóðlega vorráðstefna evrópskra persónuverndarstofnana haldin í Búdapest í Ungverjalandi. Efni ráðstefnunnar var skipt í fjögur umræðuefni: New Technologies, Competition Law, Court Decisions and Best Practices / Case Studies in Enforcement Cooperation between EEA and non-EEA countries. Þá fengu persónuverndarfulltrúar í Evrópu tækifæri til að taka þátt í opnum fundi á lokadegi ráðstefnunnar, annað hvort með notkun fjarfundabúnaðar eða mætingu í fundarsal. Yfirskrift opna fundarins var: DPO/DPA relationship, DPO network and training and DPO's role within the organization. Ráðstefnuna sóttu sviðsstjóri og persónuverndarfulltrúi Persónuverndar.



### **16. CPDP-ráðstefnan (Computers, Privacy and Data Protection)**

16. CPDP-ráðstefnan var haldin dagana 24.-26. maí í Brussel. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Ideas that drive our digital world“. Á ráðstefnunni var boðið upp á fjölmarga fyrirlestra og vinnustofur þar sem fjallað var um nýjustu strauka og stefnur á sviði tækni mála og persónuverndar. Þrír starfsmenn Persónuverndar sóttu ráðstefnuna.

### **Þjálfun í notkun greiningarhugbúnaðs fyrir vefsíður**

Persónuvernd sendi fulltrúa á námskeið á vegum EDPB í júní þar sem kennd var notkun nýs hugbúnaðar frá ráðinu sem nýtist til þess að rannsaka vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram á vefsíðum. Á námskeiðinu var annar sambærilegur hugbúnaður frá Evrópsku persónuverndarstofnuninni (EDPS) og þýsku eftirlitsstjórnvaldi kynntur.

## Nordic Privacy Arena-ráðstefnan

Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, tók þátt í pallborðsumræðum á Nordic Privacy Arena-ráðstefnunni í Stokkhólmi 25. september. Umfjöllunarefnið var norræn samvinna persónuverndarstofnananna fimm, sem og samvinna á vettvangi Evrópska persónuverndarráðsins (EDPB). Í pallborðinu tóku þátt allir forstjórar norrænu persónuverndarstofnananna en athygli vakti á ráðstefnunni að fimm konur gegna þessum störfum.





## Heimsókn til Garante per la protezione dei dati personali, ítölsku persónuverndarstofnunarinnar

Dagana 25.-29. október fóru starfsmenn Persónuverndar í kynnisferð til Rómar á Ítalíu. Sótti starfsfólk stofnunarinnar tveggja daga fræðslufund hjá Garante, ítölsku persónuverndarstofnuninni.



*Prof. Pasquale Stanzione, forseti Garante, Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar og Fabio Matei, framkvæmdastjóri Garante.*

## Vinnustofa starfsmanna persónuverndarstofnana (e. European Case Handling Workshop)

Árleg vinnustofa starfsmanna evrópskra persónuverndarstofnana var haldin dagana 8.-9. nóvember. Persónuverndarstofnunin í Bern í Sviss hafði umsjón með vinnustofunni að þessu sinni. Meðal þess sem fjallað var um var afgreiðsla kvartana og tilkynninga um öryggisbrest, samstarf persónuverndarstofnana og notkun opinberra aðila á skýjalausnum. Vinnustofan var sótt af þremur starfsmönnum Persónuverndar.



